FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

159. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 8. JÚLÍ 2017



# Slagirnir utan vallar

Landsliðskonurnar Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Glódís Perla Viggósdóttir og Hallbera Gísladóttir ræða um baráttu kvenna í boltanum, EM og byltinguna fram undan. →18, 22

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Offramboð á rappi

Miðasala í sumar undir væntingum. →2



## Spenna í Katar

Samskipti leiðtoga eru eldfim. →8



## Leyndar perlur

Víða eru útivistarsvæði sem koma á óvart. →16




ÚTSALA
OPIÐ TIL 18 Í DAG

SMÁRALIND

## Veður




Fremur hæg norðanátt í dag, en vestlæg átt sunnanlands. Yfirleitt bjart á suðvestanverðu landinu, en sums staðar skúrir austan til, einkum seinnipartinn. SJÁ SÍÐU 32



**Hert eftirlit verður á Keflavíkurflugvelli í haust.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mögulegar tafir vegna herts eftirlits

**SAMGÖNGUR** Landamæraeftirlit yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins verður hert og mun breytingin einnig taka gildi á Íslandi. Reglurnar tóku gildi 7. apríl. Ísland tilkynnti að sex mánaða aðlögunartími fyrir Keflavíkurflugvöll yrði nýttur og tekur breytingin því gildi hér á landi þann 7. október nema óskað verði eftir frekari framlengingu.

Meginreglan verður sú að kerfisbundið/itarlegt eftirlit verður með öllum, að því er segir í skriflegu svari dómsmálaráðuneytisins til Fréttablaðsins.

Breytingin tekur einnig gildi á Kastrup-flugvelli í Danmörku. Stjórnendur á Kastrup sögðu við danska ríkisútvarpið að búast mætti við lengri bið og seinkun á flugi til 2019 vegna aukins eftirlits. Þegar mest sé að gera megi jafnvel gera ráð fyrir að farþegar missi af tengiflugi.

Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins að skoðað verði á næstunni hvernig staðið verði að því að mæta þessum nýju reglum. „Ekki er ljóst á þessari stundu hvort tafir verða og þá hversu miklar þær kunni að verða. Það verður að koma í ljós. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum vinnur stöðugt að því að fylgjast með og bregðast við breytingum.“ – ibs

## Lokað yfir helgi



Geirsgötu var lokað í gær og stendur lokunin fram yfir helgi. Hjáleið er um Skúlagötu, Ingólfsstræti, Hverfisgötu og Tryggvagötu á meðan. Hjáleiðin er færð svo framkvæmdir við bílakjallara Hafnartorgs geti fram haldið. Ný Geirsgata mun liggja ofan á kjallaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Banaslys í Hljóðaklettum

**SLYS** Erlendur ferðamaður lést þegar hann féll fram af hamrabrún í Hljóðaklettum í gær. Slysið átti sér stað á fjórða tímanum í gær.

Maðurinn féll um fimmtán til tuttugu metra. Nánari tildrög liggja ekki fyrir en ekki er uppi grunur um saknæmt athæfi. Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út vegna slyssins en send til baka eftir að maðurinn var úrskurðaður látinn á vettvangi.

Þyrlan var einnig kölluð út eftir að kona hrapaði sextíu metra í Kirkjufelli við Grundarfjörð. Konan var í hópi fólks sem gekk óvanalega leið upp fjallið.

Konan var flutt til Reykjavíkur með þyrlunni en nánari upplýsingar um líðan hennar lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. Björgunarsveitarfólk aðstoðaði samferðafólk hennar af fjallinu. – jóe

# Offramboð á rappi heggur í miðasölu

**Sala á tónleika Young Thug í Laugardalshöll var undir væntingum þangað til tveir miðar fengust á verði eins. Tónleikahaldari segir stefna í offramboð á rapptónleikum enda séu margir innlendir og erlendir listamenn að stíga á svið.**

**MENNING** „Það er aðeins of mikið framboð af of líkum viðburðum og maður finnur að það hefur áhrif. Við ákváðum því að bjóða þetta tveir fyrir einn tilboð og núna flýgur þetta út,“ sagði tónleikahaldarinn Þorsteinn Stephensen við Fréttablaðið í gær um miðasölu á tónleika rapparans Young Thug í Laugardalshöllinni sem haldnir voru í gærkvöldi.

Athygli vakti þegar viðburðafyrirtæki Þorsteins, Hr. Örlygur, tilkynnti að viðskiptavinum Nova og þeim sem nota snjallforritið Aur byðust tveir miðar á tónleikana Kronik Live, þar sem Young Thug var aðalatriðið, á verði eins. Þar komu einnig fram ellefu innlendir flytjendur, þar á meðal Emmsjé Gauti, Gísli Pálmi og rappsveitin Úlfur Úlfur, og var miðaverð 9.900 krónur. Um fjögur þúsund miðar voru í boði og þegar blaðamaður heyrði í Þorsteini fyrir hádegi í gær var búið að selja um 3.100.

„Miðasalan var aðeins undir væntingum en ég var svo sem ekkert stressaður. Við erum með frábæran viðburð en vildum hafa hann vel aðgengilegan fyrir krakkana sem eru komnir í sumarvinnuna og verðum með stútfullt hús.“

Þorsteinn bendir á að á tónleikahátíðinni Secret Solstice í Laugardalnum í júní hafi stigið á svið bæði innlendir og erlendir listamenn hip hop senunnar og fór þar bandaríski rapparinn Rick Ross fremstur í flokki. Í næstu viku muni svo bandaríski rapparinn Post Malone halda tónleika í Hörpu og hljómsveitin Migos troða upp í Laugardalshöll um miðjan ágúst.



**Bandaríski rapparinn Rick Ross tróð upp á Secret Solstice.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI



**Young Thug**

Einnig megi sjá vinsælustu innlendu rapparana á Þjóðhátíð 2017 og á mörgum öðrum tónleikum í sumar.

„Þetta er verkefni sem ég er að vinna með gömlum samstarfsmanni, Robba Kronik, og þetta hafði staðið lengi til. Við ákváðum að prófa og ég held að við endurtökum þetta klárlega á næsta ári með einhverjum svipuðum hætti. Að ég verði með mikið af rappi þar inn á milli finnst mér ekki líklegt,“ sagði Þorsteinn.

haraldur@frettabladid.is



HÚSASMIÐJAN

blómaval

Okkar stærsta sumarútsala
FRÁ UPPHAFI

# SUMAR ÚTSALAN




# 20-50%
## AFSLÁTTUR

**Sumarblóm 30-50%** · Tré og runnar 50% · **Fjölærar plöntur 50%** · Matjurtir 50% · **Garðarósir 50%** · Útipottar 30% · **Garðstyttur 30%** · Fræ og sáðbakkar 30% · **Silkisumarblóm 30%** · Vökvunarkönnur 30% · **Úðabrúsar 30%** · Sláttuvélar 20% · **Garðverkfæri 25%** · Hekkklippur 30% · **Keðjusagir 30%** · Vermireitir og blómakassar 20% · **Háþrýstidælur 20%** · Áltröppur og stigar 30% · **Rafmagnsverkfæri Black&Decker 30%** · Reiðjól og fylgihlutir 30% · **Garðhúsgögn 30%** · Úðarar, slönguhjól og tengi 30% · **True North Útivistafatnaður 50%** · Pallaolía 25% · **Viðarvörn 25%** · Innimálning 25% · **Útimálning 25%** · Vegg- og loftaþiljur 25% · **Leikföng 30%** · Búsáhöld - 25% · **BroilKing grill 20%** · Grill fylgihlutir, Broil King, GrillPro 30% · **Harðparket og undirlag 25%** · Electrolux smáraftæki 20% · **Verkfæratöskur 35%** · Ferðavörur 25% og margt fleira

Byggjum á betra verði

FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

TÖLUR VIKUNNAR 02.07.2017 – 08.07.2017

**569** rekstrarleyfi til fólksflutninga voru í gildi í síðasta mánuði en þau voru 389 í árslok 2014.

**90** milljóna bónusgreiðslu á mann að meðaltali fengu fjórir stjórnendur eignarhaldsfélagsins LBI, sem heldur utan um eignir gamla Landsbankans.

**314** milljónir króna var launakostnaður gjaldeyriseftirlits Seðlabankans í fyrra. Starfsmennirnir voru 23.

**70%** aukning varð í sölu hjólhýsa á fyrsta helmingi þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra.

**20%** var hlutfall erlendra barna af heildarfjölda leikskólabarna í Reykjavík í október síðastliðnum.

**1,8** milljónir rúmar er áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nema í grunnskóla reknum af sveitarfélögum.

## Þrjú í fréttum
## Skólar, skattur og sigur

**Kristján Þór Júlíusson**
*menntamálaráðherra*



ákvað að ekki yrði af sameiningu á rekstri Fjölbrautaskólans við Ármúla og Tækniskólans að svo stöddu. Nauðsynlegt væri að gera ítarlegri athuganir á stöðu framhaldsskólanna í landinu og þróun í starfsemi þeirra á næstu árum meðal annars vegna fyrirsjáanlegra breytinga á nemendafjölda vegna styttingar náms til stúdentsprófs, stærðar árganga á næstu árum, námsframboðs og annarra þátta.

**Guðný Halldórsdóttir Laxness**
*leikstjóri*



sagði ofsóknir íslenskra skattayfirvalda gegn föður hennar ná út yfir gröf og dauða. Erfingjar nóbelsskáldsins hafa deilt við skattayfirvöld síðastliðin fjögur ár vegna skipta á dánarbúi hans. Í erfðafjárskýrslu erfingja var höfuðarðurinn metinn á 500 þúsund krónur. Matsmaður sýslumanns telur verðmætið nema 28 milljónum króna.

**Adolf Ingi Erlingsson**
*fv. íþróttafréttamaður*



á að fá 2,2 milljónir króna í bætur frá RÚV vegna eineltis. Þetta úrskurðaði Héraðsdómur Reykjavíkur. Adolf Inga var sagt upp störfum hjá Ríkisútvarpinu árið 2013. Hann sagði þetta fullnaðarsigur fyrir sig. Dómurinn hefði einnig komist að þeirri niðurstöðu að uppsögnin hefði verið ólögleg.

# Mesti skellurinn vegna komu Costco hafi verið í júnímánuði

**Velta langflestra matvöruverslana á höfuðborgarsvæðinu hefur dregist saman eftir að Costco opnaði verslun sína í Kauptúni í Garðabæ í maí. Samdrátturinn er meiri en margir bjuggust við í upphafi. Þó er talið að áhrifin af innreið smásölurisans hingað til lands muni fara dvínandi eftir því sem lengra líður á árið.**

**VIÐSKIPTI** Íslenskir kaupmenn hafa sannarlega fundið fyrir áhrifum af innkomu bandaríska smásölurisans Costco á hérlendan smásölumarkað en misjafnt er hve mikil áhrifin hafa verið. Velta nær allra matvöruverslana á höfuðborgarsvæðinu hefur dregist saman eftir að Costco opnaði verslun sína í Garðabæ undir lok maímánaðar, mest hjá stóru matvörukeðjunum, en viðmælendur Fréttablaðsins telja að áhrif Costco muni fara dvínandi eftir því sem líður á árið. Mesti skellurinn hafi verið í júní.

Í nýju verðmati hagfræðideildar Landsbankans er bent á að í ljósi vaxandi einkaneyslu hér á landi sé ekki hægt að ganga út frá því að velta Costco dragist öll frá veltu þeirra verslana sem fyrir eru á markaðinum. Þó leiki ekki vafi á því að Costco hafi tekið til sín stóran hluta af markaðinum. Aukin samkeppni og sterkari króna, sem hefur þrýst verði á dagvöru niður, hafi einnig haft áhrif á rekstur verslananna.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá varð meiri samdráttur í sölu í verslunum Haga í júní en fjárfestar bjuggust við. Dróst salan saman um 8,5 prósent í krónum talið í mánuðinum að teknu tilliti til aflagðrar starfsemi.

„Við höfum fundið fyrir áhrifunum af komu Costco, eins og allir aðrir, en ekki í eins miklum mæli og stóru verslanakeðjurnar,“ segir Eiríkur Sigurðsson, eigandi matvöruverslunarinnar Víðis.

Costco sé risastórt félag og mikil viðbót við íslenska smásölumarkaðinn og því sé ekki skrýtið að önnur félög á markaðinum finni fyrir áhrifunum. Eiríkur segir að sala í Víði hafi dregist örlítið saman í júnímánuði en samdrátturinn sé þó ekki neitt í líkingu við samdráttinn



**Innkoma bandaríska risans Costco á íslenskan markað hefur valdið titringi á meðal heild- og smásala. Verslun Costco var opnuð 23. maí síðastliðinn í Kauptúni í Garðabæ.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Það hefur mikið verið talað um jarðarberin í Costco. Við höfum selt þessi nákvæmlegu sömu ber í fimm eða næstum sex ár. Þannig að það er í sjálfu sér engin nýjung.
>
> Jón Gerald Sullenberger, kaupmaður í Kosti



hjá stóru verslanakeðjunum.

„Þetta er bara eins og allt annað: Þú verður að standa þig í samkeppninni og gera eins vel og þú getur,“ segir hann.

„Við áttum ágætis júnímánuð og hann var í samræmi við áætlanir okkar,“ segir Jón Björnsson, forstjóri Festar, sem rekur meðal annars verslanir undir merkjum Krónunnar, Elko og Kjarvals.

Jón Gerald Sullenberger, eigandi matvöruverslunarinnar Kosts, segir ljóst að allar verslanir hafi fundið fyrir áhrifunum af komu Costco. Kostur sé þar engin undantekning. „Það er ekki við öðru að búast þegar markaðurinn hér á landi er ekki stærri en þetta,“ segir hann.

Jón Gerald segir að Kostur hafi skapað sér sérstöðu á markaðinum með því að leggja mikla áherslu á amerískar vörur. „Við höldum okkar sérstöðu og vonum að með því að sinna viðskiptavininum haldi hann áfram að koma til okkar.“

Verslunin hafi gripið til ýmissa aðgerða til þess að bregðast við breyttu samkeppnisumhverfi. „Við höfum til dæmis dregið úr starfsmannahaldi og minnkað launakostnað, sem er mjög dýr. Við höfum einnig farið að bjóða upp á minni pakkningar og aukið vöruúrval, því það er mjög takmarkað hjá Costco, sér í lagi í matvörunni. Við leggjum líka mikla áherslu á amerískar vörur og teljum okkur auk þess vera leiðandi í því að bjóða upp á ferskasta grænmetið og ferskustu ávextina,“ segir Jón Gerald og tekur dæmi:

„Það hefur mikið verið talað um jarðarberin í Costco. Við höfum selt þessi nákvæmlegu sömu ber í fimm eða næstum sex ár. Þannig að það er í sjálfu sér engin nýjung.“

kristinningi@frettabladid.is

### Lækka verðmat sitt á Högum

Hagfræðideild Landsbankans hefur lækkað verðmat sitt á bréfum í Högum úr 49,7 krónum á hlut í 43,2 krónur. Nýtt verðmat deildarinnar, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er aftur á móti þrettán prósentum yfir dagslokagengi smásölufélagsins í Kauphöllinni í gær sem var 38,2 krónur á hlut.

Sérfræðingar hagfræðideildarinnar segja að sala Haga hafi valdið vonbrigðum undanfarið ár. Benda þeir á að í fyrsta heila mánuðinum eftir opnun Costco hér á landi hafi sala Haga dregist saman um 8,5 prósent. Á sama tíma jókst einkaneysla í landinu. Telja þeir að eitthvað muni draga úr áhrifunum eftir því sem líður á árið, en að þau verði engu að síður töluverð. Er það mat þeirra að tekjur Haga muni dragast saman um 6,1 prósent á yfirstandandi rekstrarári.

KOMDU
Í
KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11–17
KVIKA

# Allra augu beinast að Trump og Pútín

**ÞÝSKALAND** Fundur leiðtoga G20-ríkjanna hófst í Hamborg í Þýskalandi í gær. Var þar samankomið valdamesta fólk heims. Fátt vakti þó meiri athygli en fyrsti fundur Donalds Trump Bandaríkjaforseta og Vladimírs Pútín Rússlandsforseta.

Forsetarnir hafa hælt hvor öðrum undanfarin misseri sem og skotið hvor á annan. Þá rannsakar bandaríska alríkislögreglan nú hvort Rússar hafi átt samskipti við háttsetta aðila í forsetaframboði Trumps og haft áhrif á kosningarnar.

Trump neitaði að svara spurningu blaðamanns um meint áhrif Rússa á kosningarnar fyrir fundinn í gær en sagði: „Við hlökkum mikið til þess að sjá eitthvað jákvætt gerast á milli Rússlands og Bandaríkjanna.“

Þegar forsetarnir hittust sagði Trump það heiður að hitta Pútín. Þá svaraði Rússinn: „Það er sönn ánægja að hitta þig í eigin persónu og ég vona að fundur okkar verði árangursríkur. Samtöl í síma duga aldrei.“

Ræddu forsetarnir meðal annars um utanríkismál en þar greinir þá einna helst á. Til að mynda er afstaða ríkjanna til styrjaldanna í Sýrlandi og Úkraínu afar ólík. – þea



**Handabands Trumps og Pútíns var beðið með eftirvæntingu enda hefur heimsbyggðin óvenju mikinn áhuga á handaböndum hins fyrrnefnda.** NORDICPHOTOS/AFP

> Það er sönn ánægja að hitta þig í eigin persónu og ég vona að fundur okkar verði árangursríkur. Samtöl í síma duga aldrei.




**Þú þarft ekki að bíða lengur.
Komdu í heimsókn og upplifðu Ignis.**

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

Guðmundarbúð Ísafirði
föstudaginn 7. júlí milli kl. 14:59 - 18:30
laugardaginn 8. júlí milli kl. 10:01 - 13:20
Undirfatnaðaður frá Anita
og eldri týpur á allt að 70% afslætti
Nærbuxur og sundföt frá 38-54



ýmsar forvitnilegar vörur verða með - sjá vefverslun
taramy.is - ERF ehf



ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI
VOLVO PENTA

Öflug Volvo Penta þjónusta
Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt. Komdu í dag og ræddu við ráðgjafa.

Kauptu bestu varahlutina
Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.


HAFÐU SAMBAND Í DAG
- Sími: 515 7067 | 869 7537 Guðmundur Gísli
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Heimasíða: volvopenta.is

brimborg
Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bíldshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is



Fegrum utandyra
MÚRBÚÐARVERÐ

Landora tréolía Col-51903 3 l. 1.980
Oden þekjandi viðarvörn 2,8 lítrar, A stofn 4.890
ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 3 l. 3.680

DEKAPRO útimálning, 10 lítrar 7.490
Dicht-Fix þéttiefni. 750ml 1.795
Þakmálning 10 lítrar Rauð og svört 8.990
Meiri gæði – Lægra verð
Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR
Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér
365
365ASKRIFT.IS


## Tvær hæðir hrundu



Slökkviliðsmenn virða fyrir sér rústir húss í bænum Torre Annunziata nærri Vesúvíusi á Ítalíu. Tvær hæðir hússins hrundu í gær með hörmulegum afleiðingum. Átta er saknað. Ítalska blaðið Il Corriere greindi frá því í gærkvöldi að þrjú börn væru á meðal þeirra sem er saknað, það yngsta aðeins átta ára. NORDICPHOTOS/AFP

# Krafa vegna 30 tjóna á Héraði eftir spennufall

**Landsnet segir 30 tilkynningar úr Fljótsdalshéraði hafa borist vegna spennuhækkunar og rafmagnsleysis sem þar varð 17. maí í vor. Óhappið varð í kjölfar kerleka hjá Norðuráli en Landsnet segir veika byggðalínu hafa valdið óhappinu.**

**ORKUMÁL** Bæta þarf þeim, sem urðu fyrir skakkaföllum þegar rafmagni sló út á Suðurlandi og Austfjörðum í vor, tjónið að fullu án frekari tafar, segir bæjarráð Fljótsdalshéraðs sem fengið hefur umbeðna greinargerð Landsnets vegna atviksins.

„Upphaf truflunar er rakið til fyrirvaralausrar útleysingar álags Norðuráls klukkan 07.05 en kerskáli 2 leysti út vegna kerleka með um 340 MW álag. Áhrifin voru svo mikil að í beinu framhaldi drógu bæði ISAL og Járnblendið úr álagi ásamt Fjarðaáli. Alls fóru því 560 MW af neti á skömmum tíma. Orsök straumleysis og truflana í rafmagnsgæðum (spennu) er hins vegar kerfislæg og tengist veikri byggðalínu,“ segir í greinargerðinni um óhappið sem varð 17. maí síðastliðinn.



Óhapp hjá Norðuráli í Hvalfirði olli straumleysi á Austfjörðum vegna veikleika í byggðalínukerfinu, segir Landsnet. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fram kemur að Landsneti hafi borist tilkynningar um tjón frá þrjátíu aðilum á Fljótsdalshéraði einu, af þeim séu fimmtán einstaklingar og fimm fyrirtæki auk einnar opinberrar stofnunar á Egilsstöðum og átta einstaklingar og ein stofnun í dreifbýli. „Enn eru tilkynningar að berast en allar tilkynningar eru sendar í úrvinnslu til Sjóvá, tryggingafélags Landsnets,“ segir um stöðu tjónamálanna.

Útskýrt er í greinargerðinni að við hina skyndilegu álagsbreytingu hafi orðið miklar og ódempaðar sveiflur á milli vinnslueininga í Sigöldu og á Austurlandi sem tengist með langri byggðalínu með lítilli flutningsgetu.

„Kerfisvarnir unnu samkvæmt stillingum en viðbrögð þeirra voru ekki nægjanleg til að bjarga kerfinu frá hruni,“ segir áfram. Hefðbundinn varnarbúnaður geti ekki varið gegn öllum tegundum af ódempuðum spennusveiflum eins og þarna urðu og ollu því að allt kerfið frá Fljótsdal í austri að Sigöldu í suðri leysti út.“

Landsnet segir að meðal áætlaðra úrbóta sé endurskoðun flutningsmarka byggðalínunnar og takmarkana í vinnslu eftir landsvæðum til að minnka líkur á kerfishruni við sambærilega atburði.

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs kveðst þakka skjót svör frá Landsneti en ítrekar fyrri bókanir um eflingu dreifikerfis raforku um landið. „Mikilvægt er að ráðist verði í þær úrbætur sem tilgreindar eru í svörum Landsnets sem fyrst.“ gar@frettabladid.is

# FRÍHAFNARDAGAR

# TAX FREE

# SNYRTIVÖRU DAGAR

DAGANA 6.-10. JÚLÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Katarar standa þétt að baki emírnum

**Fjögur arabaríki krefjast mikils af Katörum og beita þá viðskiptaþvingunum. Eru Katarar sagðir fjármagna hryðjuverkasamtök. Áhrif þvingananna eru óljós en áttatíu prósent matvæla í Katar koma frá ríkjunum fjórum. Emírinn í Katar er orðinn þjóðhetja.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Undanfarnar vikur hafa staðið yfir hatrammar deilur á milli Katara og fjögurra annarra arabaríkja, það er Sádi-Arabíu, Bareins, Egyptalands og Sameinuðu arabísku furstadæmanna. Hafa ríkin fjögur beitt viðskiptaþvingunum og ferðabönnum gegn Katörum. Þá hafa sendiherrar ríkjanna verið kallaðir heim frá Katar og skorið hefur verið á stjórnmálasamband við ríkið.

Sádi-Arabar fara fyrir bandalaginu gegn Katörum. Segja þeir helstu ástæðuna fyrir aðgerðum sínum þá að Katarar fjármagni hryðjuverkasamtök og brjóti þar með samkomulag Persaflóaríkja. Þá gagnrýna Sádi-Arabar jafnframt tengsl Katara og katörsku sjónvarpsstöðvarinnar Al Jazeera við stjórnvöld í Íran. Katarar segjast aftur á móti hafa aðstoðað Bandaríkin í stríðinu gegn hryðjuverkum, einkum ISIS.

Undir lok júnímánaðar sendu ríkin fjögur Katörum lista með þrettán kröfum sem Katarar áttu að uppfylla ef þeir vildu fá viðskiptaþvingunum aflétt. Því neituðu Katarar í vikunni.

### Áhrifin óljós

„Við eigum sjálfstæða sjóði sem geyma nærri þrefalda landsframleiðslu Katars, við eigum gjaldeyrisforða seðlabankans," sagði Ali Sharif al-Emadi, fjármálaráðherra Katars, við The Times í vikunni. Sagðist hann þá ekki hafa áhyggjur af viðskiptabanninu. Katarar ættu einfaldlega nógu mikla peninga til þess að það skipti ekki máli.

„Lánshæfi Bareins og Egyptalands er í ruslflokki. Ef þú lítur til Sádi-Arabíu þá sérðu að þeir eiga í miklum fjárhagsörðugleikum. Hvergi á svæðinu er meiri hagvöxtur en hjá okkur," sagði al-Emadi. Benti hann á að hagvöxtur í Katar væri nærri helmingi meiri en í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, þar sem næstmestur hagvöxtur er á svæðinu.

En þótt fjármálaráðherrann sé fullviss um að Katarar þurfi ekkert að óttast er óhjákvæmilegt að vandamál fylgi viðskiptaþvingunum nágrannaríkjanna. Greindi Washington Post til að mynda frá því að áttatíu prósent allra matvæla í Katar séu fengin frá nágrannaríkjunum.

Til að sporna gegn skorti á matvælum hafa Katarar leitað til Tyrkja og Írana. Hafa Íranar nú þegar sent flugvélar, fullar af ávöxtum og grænmeti, til Katars og hyggjast Tyrkir gera slíkt hið sama.

### Gera nýjar kröfur

Seint á fimmtudag barst tilkynning frá utanríkisráðherrum ríkjanna fjögurra. Hétu þeir því að grípa til allra tiltækra ráða til að „standa vörð um réttindi ríkjanna og öryggi og jafnvægi á svæðinu". Kenndu þeir Katörum um að reyna að spilla fyrir og grafa undan öryggi Persaflóaríkja.

Í tilkynningunni segir að ríkin fjögur líti nú á áður gerðar kröfur sem ógildar og er búist við því að nýjar og strangari kröfur verði gerðar til Katara á næstunni. Er því ljóst að afar stirt er á milli ríkjanna og ekki er útlit fyrir að deilan leysist í bráð.

Á mánudag mun Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, ferðast til Kúveits til að reyna sitt besta til að koma á sáttum. Kúveit hefur staðið á milli Katara og ríkjanna fjögurra í hlutverki sáttasemjara undanfarnar vikur.

### Emírinn orðinn þjóðhetja

„Við munum streyma út á götu til að berjast fyrir hann," sagði hinn 32 ára gamli verkfræðingur Ahmed al-Kuwari í samtali við Reuters í gær. Vísaði hann þar til Tamim bin Hamad al-Thani, emírsins af Katar.

Emírinn er orðinn eins konar þjóðhetja í undanförnum átökum og líta fjölmargir Katarar á hann sem verndara landsins gegn ofríki Sádi-Araba. Í katörskum fjölmiðlum er fjallað um að þúsundir skrái sig í herinn og að Katarar skjóti fast á Sádi-Araba á samfélagsmiðlum.

Og fyrir utan eitt húsa fjölskyldu emírsins í höfuðborginni Doha safnast fólk saman til að skrifa hvatningarorð á risavaxna mynd af emírnum.



**Hvatningarorð skrifuð á risavaxna mynd af emírnum Tamim bin Hamad al-Thani.** NORDICPHOTOS/AFP

## Kröfurnar þrettán

- Loka Al Jazeera og tengdum stöðvum
- Loka öðrum fjölmiðlum sem ríkið fjármagnar
- Loka herstöð Tyrkja í Katar og hætta hernaðarsamstarfi við Tyrkland í Katar
- Draga úr samskiptum við Íran
- Reka íranska hermenn frá Katar
- Skera á tengsl við hryðjuverkasamtök á borð við Bræðralag múslima, ISIS, al-Kaída og Hezbollah
- Hætta að skýla hryðjuverkamönnum í Katar
- Hætta afskiptum af innanríkismálum ríkjanna fjögurra
- Hætta að gefa eftirlýstum ríkisborgurum ríkjanna katarskan ríkisborgararétt
- Svipta þá eftirlýstu ríkisborgararétti
- Greiða skaðabætur fyrir ofangreind brot
- Sæta eftirliti næstu tíu ár
- Samræma stjórnmálastefnu ríkisins við stefnu annarra Persaflóa- og arabaríkja



# 30% ALLAR SKÓLATÖSKUR! VILDARAFSLÁTTUR




**Skólataska - Blómaveisla**
**VILDARVERÐ: 13.999.-**
Verð: 19.999.-




**Skólataska - Bleikur Trolls**
**VILDARVERÐ: 13.999.-**
Verð: 19.999.-




**Skólataska - Álfadís**
**VILDARVERÐ: 13.649.-**
Verð: 19.499.-




**Skólataska - Felulitir**
**VILDARVERÐ: 13.999.-**
Verð: 19.999.-




**Skólataska - Svartar rósir**
**VILDARVERÐ: 13.999.-**
Verð: 19.999.-




**Skólataska - Prinsessa**
**VILDARVERÐ: 9.799.-**
Verð: 13.999.-




**Skólataska - Körfuknöttur**
**VILDARVERÐ: 9.799.-**
Verð: 13.999.-




**Skólataska - Freestyle**
**VILDARVERÐ: 6.999.-**
Verð: 9.999.-




**Skólataska - Trolls**
**VILDARVERÐ: 13.999.-**
Verð: 19.999.-




**Skólataska - Tryllitæki**
**VILDARVERÐ: 13.649.-**
Verð: 19.499.-

**30% vildar-afsláttur**

KOMDU OG GERÐU **FRÁBÆR KAUP** FYRIR **NÝTT SKÓLAÁR!!**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er frá 6. júlí til og með 11. júlí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Sleppt og haldið



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Samtök iðnrekenda í Bretlandi hafa skorað á Theresu May forsætisráðherra að endurskoða aðferðir og áherslur í Brexit-viðræðunum. Samtökin vilja að Bretar setji hugmyndir um aðra viðskiptasamninga á ís og leggi áherslu á að Bretar hafi óskoraðan aðgang að innri markaði Evrópu og tollabandalaginu.

Með öðrum orðum, Bretar eigi að stefna að því að ganga einungis úr Evrópusambandinu að nafninu til.

Áskorunin endurspeglar vandræðin sem Bretar hafa ratað í. Stjórnmálamannanna bíður að fara að þjóðarviljanum sem endurspeglaðist í Brexit-atkvæðagreiðslunni. Samtímis eru langflestir sannfærðir um að Brexit sé Bretum ekki í hag. Vandinn er sá að framáfólkið í Íhaldsflokknum – þau May, Michael Gove, sem nú hefur snúið aftur í ríkisstjórn, og Boris Johnson utanríkisráðherra – seldu sálu sína fyrir Brexit. Fyrir þau er það nánast pólitísk sjálfsmorðsyfirlýsing að hvika í málinu.

Á meðan Bretar velta fyrir sér hvernig hægt sé að ganga úr Evrópusambandinu án þess að missa þann ávinning sem í aðildinni felst, geta talsmenn ESB borið sig vel. Barnier, aðalsamningamaður ESB, segir hugmyndir um slíkt fráleitar. ESB sé einfaldlega ESB – þjóðir geti verið inni eða úti.

Hinn almenni Breti er í auknum mæli að gera sér grein fyrir því að það voru mistök að segja skilið við Evrópusambandið. Nýlegar kannanir benda til þess að 60% kjósenda vilji endurskoða afstöðuna sem birtist í atkvæðagreiðslunni í fyrrasumar. Það er ansi seint í rassinn gripið.

Við bætist að efnahagsmálin í Evrópu, sem sífellt er tönnlast á að séu í miklum ólestri, eru í raun á leið í rétta átt. Hagvöxtur er meiri á evrusvæðinu en í Bretlandi. Atvinnusköpun innan ESB hefur tekið kipp, en ekki hafa orðið til fleiri ný störf síðan árið 2009. Á meðan ríkir lognmolla á breskum vinnumarkaði, þrátt fyrir fall sterlingspundsins, sem ýtir undir útflutning.

Þeim fjölgar sem vilja finna leið til að hætta við allt saman. Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra, er einn þeirra og hefur stofnað félagasamtök um þá hugmynd. Blair nýtur ekki mikils trausts um þessar mundir – engu að síður vex skoðun hans fylgi, sem gæti kallað fram nýja og trúverðugri forystumenn.

Brexit kallar fram betri greiningu á stöðunni í Evrópu. Sú greining er ESB afar hagfelld að flestu leyti. Bretar hafa lært þá lexíu. Í því ljósi hlýtur að líða að því, að einhvers konar endurmat fari fram meðal stjórnmálamanna og hagsmunasamtaka atvinnulífsins hér á Íslandi.

Krónan bítur helstu talsmenn sína svo undan svíður í gósentíðinni. Það er engin skömm að skipta um skoðun á grundvelli endurmats sem byggist á staðreyndum sem við blasa. Við getum líka lært af reynslu annarra þjóða.

> **Í því ljósi hlýtur að líða að því, að einhvers konar endurmat fari fram meðal stjórnmálamanna og hagsmunasamtaka atvinnulífsins hér á Íslandi.**




iGreen V5.06.12
umgjörð
kr. 11.900,-

Líflegir litir!

Með iGreen umgjörðum getur þú útbúið þá litasamsetningu sem þú vilt.

Frábært verð á glerjum
Einfókus gler
Verð frá kr. 16.900,-
Margskipt gler
Verð frá kr. 41.900,-

E YES LAND
gler⊙augu

Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is


## Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



# Listin að vera plebbi

Fyrir mörgum árum var dálkur í Mogganum sem hét Bókin á náttborðinu. Þar var fólk spurt hvað það væri nú helst að lesa. Svarið var yfirleitt eitthvað í líkingu við þetta:

„Ég er að lesa Gerplu. Aftur. Alltaf gaman að renna yfir Laxness fyrir svefninn. Svo hef ég verið að lesa ljóð eftir blablabla. Á frummálinu. Mér finnst ljóð hans alltaf svo sterk og eiga mikið erindi við þjóðfélagið. Svo reyni ég að fylgjast með í fræðasamfélaginu og er oft með fræðirit við höndina.“

Það var alveg sama við hvaða pappakassa var talað. Menn voru alltaf að lista yfir sig í rúminu og menningin lak af þeim öllum. Mögulega var einhver að segja satt. Ég dreg það samt í efa. Það væri bara of fáránleg tilviljun ef enginn úr þessum risastóra hópi hefði verið að lesa eitthvað fullkomlega ómenningarlegt. Eins og glæpasögu eða bara tímarit.

### Heiðarlega svarið

Ég hefði verið svo til í að einhver hefði svarað svona:

„Tjah. Það er nú engin bók. Ekki mikið fyrir að lesa bækur. En hér er gamalt Playboy. Oft fín viðtöl í því. Jú, og svo kíki ég í Ísfólkið annað slagið.“

Það gerðist náttúrlega aldrei. En svo rann upp fyrir mér hvernig stóð á því. Þá var ég svona rétt að verða þekktur og eitthvert Líf bað mig að svara spurningum um nokkra uppáhaldshluti. Mér fannst það stórmál og man að ég vildi standa mig. Sýna að ég væri nú enginn vitleysingur. Ég held að ég hafi verið heilan dag að berja saman svar. Maður minn. Ég fæ enn aulahroll þegar ég hugsa um svörin.

Í stað þess að leyfa mér bara að vera plebbinn sem ég er, þá virðist ég hafa vandað mig alveg sérstaklega við að slá Íslandsmetið í tilgerð. Ég var 25 ára íþróttafréttamaður sem ákvað að breyta sér í miðaldra sérfræðing í klassískri tónlist. Ég held að ég hafi í raun og veru þurft að fletta upp sumum svörunum hjá mér. Og ég man hvað ég hataði mig eftir þetta.

> **Það væri bara of fáránleg tilviljun ef enginn úr þessum risastóra hópi hefði verið að lesa eitthvað fullkomlega ómenningarlegt. Eins og glæpasögu eða bara tímarit.**

### Hverjum er ekki sama?

Svo gerist eitthvað. Með aldrinum hættir að skipta máli hvað fólki finnst um mig og menningarlegt ástand mitt. Það rennur upp fyrir manni að svo lengi sem maður er sjálfur sáttur við hvernig maður hagar lífi sínu breytir álit annarra litlu. Lífið er nefnilega of stutt til að eyða því í að ganga í augun á ókunnugu fólki.

Og svo ég svari nú spurningunni. Á náttborðinu hjá mér eru nokkrar fjarstýringar, Kindle með nýjustu Reacher-bókinni, golfbók og ævisaga fótboltamanns. Ef það er ekki nógu fínt fyrir einhvern, verður bara að hafa það.

Og ef þetta hljómaði ekki nógu plebbalega, er rétt að taka það fram að ég skrifaði þennan pistil sitjandi í Lazyboy-stól að horfa á fótbolta í sjónvarpinu.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




# Ávöxtun *sjóða* Stefnis

| Sjóður | Árleg nafnávöxtun 1 ár* | 2 ár* | 3 ár* | 4 ár* | 5 ár* | Árleg nafnávöxtun frá stofnun* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Blandaðir sjóðir** | | | | | | |
| Stefnir – Samval[1] | 5,4% | 9,8% | 14,0% | 14,2% | 14,1% | |
| **Íslensk hlutabréf** | | | | | | |
| Stefnir – ÍS 15[1] | -7,8% | 5,5% | 13,4% | 14,1% | 16,1% | |
| **Íslensk skuldabréf og innlán** | | | | | | |
| Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður[2] | 11,3% | 10,3% | 8,8% | 6,6% | 7,2% | |
| Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur[2] | 8,2% | 6,0% | 6,5% | 4,7% | 4,8% | |
| Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður langur[2] | 11,4% | 6,8% | 7,7% | 5,5% | 5,2% | |
| Stefnir – Ríkisskuldabréf verðtryggð[2] | 8,5% | 4,6% | 5,8% | 4,0% | 4,0% | |
| Stefnir – Lausafjársjóður[1] | 5,3% | 5,5% | 5,4% | 5,4% | 5,4% | |
| Stefnir – Skuldabréfaval[1] | 6,8% | 5,8% | | | | 5,4% |
| **Erlend hlutabréf **** | | | | | | |
| KF – Global Value[2] | 2,9% | -6,2% | 0,1% | 4,0% | 5,9% | |
| Stefnir – Scandinavian Fund[2] | -0,8% | -7,3% | -3,2% | 1,8% | 4,3% | |
| Stefnir – Erlend hlutabréf[2] | -4,1% | -10,4% | -3,3% | 0,1% | 2,3% | |

** Grunnmynt sjóðanna er EUR en ávöxtun er uppreiknuð í íslenskar krónur. Gengi sjóða tekur þannig mið af gengi gjaldmiðilsins á hverjum tíma.

* 1 ár: 30.06.2016 – 30.06.2017. 2 ár: 30.06.2015 – 30.06.2017. 3 ár: 30.06.2014 – 30.06.2017. 4 ár: 30.06.2013 – 30.06.2017. 5 ár: 30.06.2012 – 30.06.2017.
Árleg nafnávöxtun frá stofnun: Ef sjóður er yngri en 5 ára.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins. Frekari upplýsingar um Stefni og sjóðina má finna á **www.stefnir.is**.

## Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbendingar um ávöxtun í framtíð

Allar ávöxtunartölur eru í íslenskum krónum. Tekið er tillit til umsýsluþóknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Arion banka hf., sem er vörslufyrirtæki sjóðanna, og frá upplýsingaveitu Bloomberg.

## Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki Arion banka í síma 444 7000 eða á **arionbanki.is/sjodir**.

Arion banki
– fyrir framtíðina

WORLD FINANCE
BEST INVESTMENT MANAGEMENT COMPANY (FIXED INCOME), ICELAND
2017
STEFNIR ASSET MANAGEMENT COMPANY

**Besta eignastýring á Íslandi á sviði skuldabréfa** samkvæmt World Finance Magazine.

1) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.
2) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ. á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og lykilupplýsingum þeirra, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

# Fagna stærra ábyrgðarhlutverki

**Sif Atladóttir er á leiðinni á sitt þriðja stórmót með íslenska kvennalandsliðinu. Hún tekur kynslóðaskiptum í landsliðinu vel og segist ætla að halda áfram eins lengi og líkaminn leyfir.**




Sif Atladóttir er lykilmaður í vörn íslenska landsliðsins sem hefur leik á EM 18. júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**FÓTBOLTI** Sif Atladóttir hefur verið fastamaður í landsliðinu lengi og er á leiðinni á sitt þriðja stórmót með íslenska liðinu. Fréttablaðið hitti á hana fyrir æfingu landsliðsins á dögunum og heyrði í henni hljóðið. „Stemmingin er bara góð. Ég er búin að eiga góða fyrstu daga og maður er spenntur fyrir deginum í dag,“ sagði Sif, en landsliðið var að koma saman á sína fyrstu æfingu fyrir Evrópumótið í Hollandi sem hefst sunnudaginn 16. júlí. Ísland spilar í C-riðli og hefur leik gegn Frökkum þriðjudaginn 18. júlí.

### Hvernig er að vera á leiðinni á sitt þriðja stórmót?

„Hvert stórmót er sérstakt út af fyrir sig, en maður er kannski rólegri í ár miðað við áður. Þetta er fyrsta stórmótið þar sem maður er í formi, fyrir utan kannski 2009 þar sem ég var mest bara á bekknum, því 2013 þá var ég svo mikið meidd, þannig að þetta verður spennandi.“ Þrátt fyrir meiðsli byrjaði Sif þrjá af fjórum leikjum Íslands á Evrópumótinu árið 2013 og var lykilmaður í varnarlínu Íslands. Hún verður 32 ára daginn áður en Evrópumótið verður sett og er einn af reyndustu leikmönnum liðsins, með 50 landsleiki að baki.

### Kynslóðaskipti í liðinu

Undanfarið hafa verið ákveðin kynslóðaskipti í landsliðinu, reyndir leikmenn hafa verið að leggja skóna á hilluna og yngri að stíga fram í sviðsljósið. Spurð út í hvernig hún upplifi þessar breytingar sagði Sif: „Þetta er bara gaman. Það er ógeðslega gaman að sjá þessar stelpur koma upp og stíga upp á þetta stig. Það sýnir hvað íslensk knattspyrna er frábær og á leiðinni upp. Það þýðir að ég fæ kannski meiri ábyrgð heldur en maður hefur verið með, en maður tekur því fagnandi.“

### Svanasöngur Sifjar?

Eftir farsælan feril skyldi fáa undra þótt Sif væri sjálf með hugann við að leggja frá sér landsliðsskóna. Aðspurð segist hún þó ekki vera farin að huga að því. „Nei, á meðan líkaminn heldur og þetta er skemmtilegt þá sér maður enga ástæðu til að hætta. Það er HM eftir tvö ár og af hverju ekki að stefna þangað eins og að stefna á EM 2017?“ Ísland hefur aldrei komist í lokakeppni heimsmeistaramóts og því ekki skrítið að hugurinn stefni þangað, en Sif vildi þó ekki gefa neitt út um þau markmið. „Við byrjum á þessu núna í sumar og svo ræðum við hitt í haust,“ sagði Sif glöð í bragði.

### Sjöunda árið í Svíþjóð

Sif hefur verið á mála hjá sænska liðinu Kristianstad síðan árið 2011 og byrjar sitt sjöunda ár hjá liðinu í haust. Hún hefur spilað 72 leiki fyrir félagið sem er í efstu deild í Svíþjóð. Spurð hvort hún ætli sér að vera þar um ókomna tíð segir Sif: „Já, á meðan líkaminn heldur og maður nær að halda tempói og fólk vill hafa mann í liðinu. Ég held það sé nú mest það, að maður sé að standa sig vel og halda áfram að fá tækifæri til þess að spila við þá bestu, á móti þeim bestu og með þeim bestu.“ **astrosyr@365.is**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**FH - Víkingur Ó. 0-2**
0-1 Kenan Turudija (56.), 0-2 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (79.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 9 | 6 | 2 | 1 | 15-8 | 20 |
| Grindavík | 9 | 5 | 3 | 1 | 14-10 | 18 |
| FH | 11 | 4 | 5 | 2 | 19-15 | 17 |
| Stjarnan | 9 | 4 | 2 | 3 | 19-14 | 14 |
| Víkingur R. | 9 | 4 | 2 | 3 | 15-13 | 14 |
| KA | 9 | 3 | 3 | 3 | 16-12 | 12 |
| KR | 9 | 3 | 2 | 4 | 13-15 | 11 |
| Breiðablik | 10 | 3 | 2 | 5 | 13-17 | 11 |
| ÍBV | 9 | 3 | 1 | 5 | 10-16 | 10 |
| Víkingur Ó. | 10 | 3 | 1 | 6 | 11-18 | 10 |
| Fjölnir | 9 | 2 | 3 | 4 | 8-13 | 9 |
| ÍA | 9 | 2 | 2 | 5 | 18-20 | 8 |

**Inkasso-deildin**

**Fylkir - Haukar 1-0**
1-0 Valdimar Þór Ingimundarson (70.), 2-0 Oddur Ingi Guðmundsson (87.).

**Selfoss - Þróttur 1-1**
0-1 Vilhjálmur Pálmason (36.), 1-1 Ivan Martinez (43.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fylkir | 10 | 7 | 1 | 2 | 18-7 | 22 |
| Keflavík | 10 | 6 | 3 | 1 | 16-7 | 21 |
| Þróttur R. | 10 | 6 | 2 | 2 | 18-11 | 20 |
| Þór | 10 | 5 | 0 | 5 | 16-14 | 15 |
| Selfoss | 10 | 4 | 3 | 3 | 12-15 | 15 |
| Fram | 10 | 4 | 3 | 3 | 13-14 | 15 |
| Haukar | 9 | 3 | 4 | 2 | 14-11 | 13 |
| HK | 10 | 4 | 0 | 6 | 12-15 | 12 |
| Leiknir R. | 10 | 2 | 5 | 3 | 13-14 | 11 |
| ÍR | 9 | 2 | 2 | 5 | 9-14 | 8 |
| Leiknir F. | 9 | 2 | 1 | 6 | 10-22 | 7 |
| Grótta | 10 | 1 | 2 | 2 | 6-16 | 5 |

## Í dag

**Sportrásir Stöðvar 2**
L08.55 F1: Æfing — Sport
L11.30 Dubai Open — Golfstöðin
L11.50 F1: Tímataka — Sport
L17.00 Greenb. Classic — Golfstöðin
S02.00 UFC: 213 — Sport
S11.30 F1: Austurríki — Sport
S16.45 Grindavík - KA — Sport
S17.00 Greenb. Classic — Golfstöðin
S19.45 Valur - Stjarnan — Sport
S21.30 Thornb. Classic — Golfstöðin

**Pepsi-deild karla**
S17.00 ÍBV - Breiðablik
S17.00 Grindavík - KA
S20.00 Valur - Stjarnan

**Inkasso-deildin**
L14.00 Leiknir F. - ÍR

ELKA
PROTECTION AGAINST EXTREMES!




VEL BÚINN MANNSKAPUR VINNUR BETUR

Elka vinnu- og hlífðarfatnaður er lipur og þægilegur og tryggir góðan hreyfanleika. Vertu viss um að velja rétta fatnaðinn fyrir starfsfólkið þitt.

Söluráðgjafar Olís svara fyrirspurnum í síma 515 1100 og á pontun@olis.is.
Sendum hvert á land sem er.

olís


Grillað grænmeti
PAPRIKA
1 Skerið í stórar sneiðar.
2 Penslið með olíu, salti og pipar.
3 Grillið báðar hliðar í 2-3 mín.
4 Berið fram með Chimichurri-sósu.
(Sjá uppskrift á islenskt.is)
Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á
islenskt.is
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
íslenskt grænmeti

## TWIST
2,5 sæta sófi.
Orange, ljósblar
og grár. Viðarfætur.
Stærð: 157 x 92 x 95 cm



**40%**
AFSLÁTTUR

**53.994 kr.**
~~89.990 kr.~~

## KAMMA
Þriggja sæta sófi með
viðarfótum. Ljósgrátt
slitsterkt áklæði.
Stærð: 201 x 84 x :105 cm



**30%**
AFSLÁTTUR

**97.993 kr.**
~~139.990 kr.~~




## CLEVELAND
Þriggja sæta sófi, ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**25%**
AFSLÁTTUR

3ja sæta: 208 x 86 x 81 cm
**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~

2ja sæta: 180 x 86 x 81 cm
**59.993 kr.** ~~79.990 kr.~~



**30%**
AFSLÁTTUR

## MINEOLA
Tveggja og þriggja sæta sófar. Grár, gráblár eða ljós.

3ja sæta: 195 x 88 x 84 cm
**76.993 kr.** ~~109.990 kr.~~

2ja sæta: 165 x 88 x 84 cm
**69.993 kr.** ~~99.990 kr.~~



**25%**
AFSLÁTTUR

## IBIZA
Eldhúsborð, hvítt.
Stærð: Þ: 110 cm H: 74 cm hvítt
**29.993 kr.** ~~39.990 kr.~~



**40%**
AFSLÁTTUR

## MARCUS
Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.
**4.794 kr.** ~~7.990 kr.~~



**45%**
AFSLÁTTUR

## JOLENE
Borðstofustóll.
Svart PU-leður og krómfætur.
**7.695 kr.** ~~13.990 kr.~~



**25%**
AFSLÁTTUR

## ALISON
Borðstofustóll. Ljós- eða dökkgrátt
slitsterkt áklæði og krómgrind.
**8.993 kr.** ~~11.990 kr.~~



**ALLIR PÚÐAR**
**MKIÐ ÚRVAL**
**50%**
AFSLÁTTUR

**ÖLL SMÁVARA**
**FRÁ VIDIVI**
**30%**
AFSLÁTTUR






**ATELIER MATARSTELL**
**FRÁ AIDA**
**50%**
AFSLÁTTUR

**ÖLL SMÁVARA**
**FRÁ IVV**
**30%**
AFSLÁTTUR




**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# SUMARÚTSALAN

## Allt að 60% afsláttur




Þú finnur nýja útsölu-
bæklinginn okkar á
www.husgagnahollin.is

**30%**
**AFSLÁTTUR**

LA-Z-BOY

**SHELDON**
La-Z-Boy hægindastóll úr
ljósgráu, dökkrauðu eða
grænu slitsterku áklæði.
Stærð: 100 × 93 × 107 cm

**83.993 kr.** ~~119.990 kr.~~



**30%**
**AFSLÁTTUR**

**CAZAR**
Skemmitlegur hægindastóll.
Koníaksbrúnt eða svart PU-leður.

**13.993 kr.** ~~19.990 kr.~~



**50%**
**AFSLÁTTUR**

**NORA**
Svart PU leður.

**19.995 kr.** ~~39.980 kr.~~

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*

**STANLEY**
La-Z-Boy hægindastóll úr
svörtu, hvítu, brúnu eða vínrauðu leðri.
Stærð: 81 × 94 × 103 cm

**30%**
**AFSLÁTTUR**



**111.993 kr.** ~~159.990 kr.~~

HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
# HELGIN



Þegar gengið er yfir eiðið blasir við þetta yfirgefna skipsflak sem gaman er að skoða og príla í. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vannýttar útivistarperlur

Víða á stórhöfuðborgarsvæðinu er að finna skemmtileg útivistarsvæði. Sum hver eru nýtt af íbúum í næsta nágrenni, önnur af fáum.

**Víðáttan á Geldinganesi**
Þeim sem þrá að vera í algjörum friði fyrir ferðamönnum og vilja teygja úr sér á fáförnum en fögrum slóðum má ráðleggja gönguferð á Geldingarnes. Útsýnið er fallegt yfir borgina og þegar farið er yfir eiðið yfir á nesið sjálft má sunnanmegin príla í yfirgefnu skipsflaki.



Grundargerði í Smáíbúðahverfinu er virkilega fallegur garður.

**Gróinn blómagarður**
Farðu með börnin eða barnabörnin í Grundargarð. Lítinn en vinalegan almenningsgarð við Grundargerði í Smáíbúðahverfinu í Reykjavík. Garðurinn var opnaður árið 1973 og þar er til dæmis að finna fallegan blómagarð með steinbeðum og nýlegt leiksvæði fyrir börn.



Furulundur í Heiðmörk er virkilega spennandi útivistarsvæði.

**Blak og grill í Heiðmörk**
Þótt Heiðmörk sé stærsta útivistarsvæði í nágrenni Reykjavíkur er það því miður lítið nýtt og mun stærra en marga grunar. Þar er að finna ótrúlega fjölbreytt svæði til útivistar. Sérstaklega má mæla með Furulundi. Þetta er fjölskyldulundur búinn leiktækjum, blakvelli og grillaðstöðu. Þar eru líka bílastæði og salerni. Inn af Furulundi er Dropinn, áningarstaður með grilli, borðum og bekkjum.

**Sílaveiðar og tennis í Breiðholti**
Auðvitað nýta Breiðhyltingar vel útivistarsvæðið í miðju Seljahverfi. Öðrum kemur svæðið skemmtilega á óvart. Þar er manngerð settjörn, Seljatjörn, og í kringum hana er vinsælt leiksvæði barna. Í garðinum er lystihús og vistvæn leiktæki fyrir börn sem finnst þó allra skemmtilegast að veiða síli í tjörninni.

Í Breiðholtinu er einnig stór almenningsgarður á milli Austurbergs og Vesturbergs. Þar er til að mynda tennisvöllur fyrir áhugasama.

**Góð aðstaða við Hvaleyrarvatn**
Það er búið að vera mikið líf og fjör við Hvaleyrarvatn undanfarnar vikur. Fjölmargir hafa lagt leið sína að vatninu til að njóta þar útiveru í fallegu umhverfi. Aðstaða við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði er stórbætt en skógræktin hefur lagt stíga við vatnið þannig að hægt er að ganga hringinn í kring. Í víkinni eru bekkir, grill og salernisaðstaða.



Hólavallakirkjugarður er rómantískur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

**Gróin leiksvæði í Mosfellsbæ**
Stekkjarflöt og Ullarnesbrekkur eru góðir áfangastaðir fyrir barnafjölskyldur um helgar. Leiksvæðið á Stekkjarflöt er rúmt og skemmtilegt og þar er einnig hægt að grilla. Ævintýragarðurinn sem er í Ullarnesbrekkum er fyrir alla fjölskylduna, hlaðinn spennandi leiktækjum sem skátafélagið Mosverjar setti upp. Þar er um að ræða ýmis klifur- og þrautatæki ásamt veglegum hlaupaketti sem hægt er að sveifla sér í. Einnig er klifurnet í miðjum garðinum, nálægt íþróttavellinum, sem er vinsælt meðal yngri kynslóðarinnar.



Ylströndin í Garðabæ er sífellt betur nýtt á góðviðrisdögum þó að margir eigi eflaust eftir að heimsækja hana.

**Ylströndin í Garðabæ**
Það er ekki bara í Nauthólsvík sem er hægt að sóla sig á strönd því í Sjálandshverfi í Garðabæ er ylströnd sem Garðbæingar nýta vel á góðviðrisdögum.

**Rómantík í kirkjugarði**
Stöku ferðamannahópar líðast í gegnum Hólavallakirkjugarð en annars er garðurinn friðsæll og fáfarinn. Þar má mæla með rómantískum göngutúr sem endar á bekk með nestisbita. Í garðinum er fallegur gróður og sögur á hverju strái.

## Um helgina, af hverju ekki að ...

### SLÖKUN OG SKEMMTUN
„Ég er að undirbúa mig fyrir Reykjavíkurmaraþon. Ætli ég reimi ekki á mig hlaupaskóna. Ég ætla að halda matarboð og skála við Erlu vinkonu mína sem fagnar þrítugsafmæli í kvöld. Á morgun ætla ég að eyða tíma með dóttur minni og plata nágranna til þess að hjálpa mér að setja upp trampólín í garðinum og vinna því að ég er að leggja lokahönd á förðunarkafla fyrir næsta Glamour-tímarit," segir Harpa Káradóttir.






### FARÐU
Með börnunum á Litla Sirkus. Barnasýningu fyrir börn undir fimm ára aldri á Klambratúni klukkan 12 á sunnudag.

### SMÁLÖND JAFNAÐARMANNA
„Við fjölskyldan höfum eytt sumarfríinu í Smálöndum Svíþjóðar og ráðgerum að eyða föstudeginum með fjölskyldu og vinum, sem dvelja í þessari Mekka jafnaðarmanna. Á laugardeginum er heimferð til Íslands, og þá er planið að renna í Húnavatnssýsluna, á ættarmót. Það rennur örlítil Blanda í mínum æðum. Á sunnudeginum á ég síðan fund með með Jóni Gunnarssyni, samgöngu- og byggðamálaráðherra," segir Pétur Markan bæjarstjóri.



### LESTU
Pétur Markan mælir með lestri bókarinnar Fátækt fólk eftir Tryggva Emilsson. „Það er okkur öllum hollt að rifja upp reglulega hvaðan við komum og fyrir hverju við berjumst."




### HLUSTAÐU
Ásgeir Trausti heldur einstaka tónleika ásamt hljómsveit sinni í Félagsheimilinu á Hvammstanga í kvöld, laugardagskvöld. Hann er á æskuslóðum því hann bjó þar ungur um tíma og hefur sérstakt dálæti á staðnum.




NÓA
Loksins
Biðin er á enda.
Þeir eru komnir aftur!
NÝTT!
NÓA
Trítlar
Púkalegt
piparhúðað
lakkríshlaup
80 g




Gunnhildur Yrsa, Glódís og Hallbera segja tiltrú skipta miklu máli og ræða aðbúnað stúlkna í fótbolta. Þær eru sammála um að bylting sé handan við hornið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Við viljum verða fyrirmyndir

Það er himinn og haf milli launa kvenna og karla í fótbolta. Þeim er sagt að þær séu minna virði. Þær togi inn minni tekjur. Það sé minna áhorf. **Gunnhildur Yrsa**, **Hallbera** og **Glódís Perla** landsliðsmenn ræða um boltann og slagina utan vallar. Þær segja bestu gagnrýnina felast í því að standa sig svo vel að ekki sé hægt að horfa fram hjá þeim.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Glódís Perla Viggósdóttir, Hallbera Gísladóttir og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir landsliðskonur sitja á þriðju hæð á Laugardalsvelli og horfa út yfir grænt gervigrasið. Það er grátt yfir að líta og rigningarsuddi. Íslenskt sumar virðist munu herða andann fremur en að gleðja þetta árið.

Þær eru allar nýkomnar til landsins og undirbúa sig undir EM-slaginn í Hollandi. Liðið tryggði sér sætið á EM með afgerandi hætti og skoraði 34 mörk í undankeppninni og fékk einungis á sig tvö mörk.

„Við erum ótrúlega sterkar þegar við vinnum vel saman,“ segir Gunnhildur Yrsa. „Við erum líka hrikalegar þegar við vinnum ekki saman,“ bætir hún við. „Við sýndum okkar bestu hliðar í leik á móti Brasilíu og það var frábært að hafa svona marga áhorfendur,“ segir hún en á þeim leik var vallarmet þeirra slegið.

Hallbera tekur undir. „Við erum búnar að átta okkur á því að þegar við spilum ekki saman sem ein heild þá erum við lélegar. Við skíttöpuðum fyrir Hollandi og það var vegna þess að við vorum ekki að spila saman,“ segir hún.

Glódís nefnir að andi liðsins sé samheldnin. „Við erum þéttur hópur og sterk liðsheild. Það skilar okkur árangri,“ segir hún.

„Það er ekkert sjálfgefið að ná fram svona mikilli samheldni,“ bendir Gunnhildur Yrsa á. „Þetta eru ekki bara orð. Við stöndum saman alltaf. Við erum allar líka miklir og sterkir karakterar með mikið keppnisskap,“ segir hún og brosir. „En við komumst ekki upp með það í þessu liði að vera bara einstaklingar, við þurfum að vera lið.“

## Ein átta systkina

Fjölskyldur þeirra og ástvinir hafa stutt dyggilega við bakið á þeim á ferlinum. Gunnhildur Yrsa á stóra fjölskyldu. Hún er ein átta systkina. Móðir hennar heitir Laufey Ýr Sigurðardóttir og er virtur læknir í Bandaríkjunum og faðir hennar, Jón Sæmundsson, rekur auglýsingastofu í Reykjavík. Gunnhildur ræddi opinskátt á dögunum í sjónvarpsþætti á RÚV, Leiðinni á EM, um áhrif bróður síns á sig en hann sat samtals í tíu ár í fangelsi vegna líkamsárásar- og fíkniefnadóma.

„Fjölskylda mín er mögnuð og ég held að fáir skilji hvernig það er að vera úr svo stórri fjölskyldu þar sem allir fjölskyldumeðlimir eru hálf ofvirkir. Við erum að minnsta kosti öll mjög einbeitt og orkumikil. Fimm systkina minna búa í Flórída með mömmu og svo býr bróðir minn og ein systir í Reykjavík. Sjálf bý ég svo í Noregi. Mamma er líklega orkumest af okkur öllum. Hún á líka þrjá hunda,“ segir hún og stelpurnar hlæja. Það er oft gantast með það að ef fjölskylda Gunnhildar Yrsu mæti öll á leiki liðsins sé mætingin strax orðin góð.

## Tók mikla ábyrgð

„Ég er númer tvö í systkinaröðinni en ég myndi samt segja að ég væri

> VIÐ KOMUMST EKKI UPP MEÐ ÞAÐ Í ÞESSU LIÐI AÐ VERA BARA EINSTAKLINGAR, VIÐ ÞURFUM AÐ VERA LIÐ.

elst því ég myndi ekki segja að bróðir minn væri eldri en ég í þroska. Hann fékk mjög mikla athygli og tók minni ábyrgð. Ég tók mikla ábyrgð og er eins og elsta barn í minni fjölskyldu. Hann hefur tekið aukna ábyrgð í dag og unnið úr sínum málum. Við erum öll mjög sjálfstæð og kraftmikil, hvert á sinn átt. Það er eitt sem er afleiðing af því að alast upp í stórum hópi systkina.

Þetta hefur reynst mér styrkur í boltanum. Ég vil standa mig fyrir fjölskylduna og systkini mín. Vera þeim fyrirmynd. Að sama skapi er það ríkt í mér að hugsa um heildina, liðið.

Mamma og pabbi hafa alltaf verið svo frábærar fyrirmyndir. Ég hef alltaf viljað gera þau stolt,“ segir Gunnhildur Yrsa.

## Borðaði kvöldmatinn í hádeginu

Hallbera er alin upp á Skaganum. Foreldrar Hallberu eru Gísli Gíslason, forstjóri Faxaflóahafna og fyrrverandi bæjarstjóri á Akranesi, og Hallbera Jóhannesdóttir, rithöfundur og kennari.

„Ég á þrjá bræður og er yngst. Bræður mínir voru báðir í fótbolta en ég náði lengra en þeir. Ég er mjög ákveðin og var alveg örugglega enn ákveðnari þegar ég var yngri. Ég þurfti að hafa fyrir því að alast upp með eldri bræðrum og var alltaf að berja frá mér og fá mitt í gegn. Foreldrar mínir hafa stutt vel við mig og veitt því sem ég er að gera athygli. Pabbi er mikið inni í fótboltanum og er reyndar í stjórn hér í KSÍ. Við erum fótboltafjölskylda, það er óhætt að segja það. Mamma eldaði alltaf kvöldmatinn í hádeginu því að við systkinin vorum alltaf á æfingum á kvöldin. Það var eini tíminn sem við gátum borðað saman,“ segir Hallbera og segir þetta hafa verið ómetanlegt. „Það auðveldar mjög að þeir nánustu hafi skilning á því sem maður er að gera.“

## Ekki gleymt miðjubarn!

Glódís hefur verið í landsliðinu í fimm ár en er þó aðeins 22 ára gömul og foreldrar hennar, Viggó Magnússon og Magnea Harðardóttir, mættu á nánast hvern einasta leik og mót þegar hún var yngri.

„Ég á tvær systur og er miðjubarn. En alls ekki þetta gleymda miðjubarn. Ég man held ég ekki eftir leik eða móti sem mamma og pabbi voru ekki á frá því ég var lítil. Það átti líka við um systur mínar. Þau hafa oftsinnis ferðast út til að fylgjast með mér og styðja við mig. Það er alveg á hreinu að stuðningur þeirra er stór hluti af árangri mínum,“ segir Glódís sem segir það ekki hafa verið einfalt mál því hún hafi æft bæði handbolta og fótbolta fram á menntaskólaárin. „Á fyrsta ári í menntaskóla þurfti ég að velja á milli. Þá var ég valin í landsliðið í bæði handbolta og fótbolta. Það var ekki auðvelt þótt ég haldi að ég hafi alltaf vitað innst inni að ég myndi velja fótboltann. Þá áttum við líka möguleika á að komast í úrslitakeppni í fótboltanum og það spilaði inn í.“

## Kominn tími á U21

*Það er sagt að það séu mjög fáar ungar stúlkur á aldrinum sextán til sautján ára sem gætu gengið inn í landsliðið. Hvers vegna er það?* „Ég held að það sé af því að stelpur í dag séu að keppa lengur. Áður fyrr hættu þær fyrr í fótbolta, ferillinn var styttri. Þær hættu kannski 23 eða 24 ára gamlar. Núna er maður að spila lengur, ferillinn er lengri. Það er því minna pláss fyrir yngri leikmenn myndi ég halda,“ segir Hallbera.

„Ég byrjaði í meistaraflokki fjórtán ára gömul. Þá var þetta mjög ungt lið, þá var auðveldara að koma inn. En nú eru nokkrar í liðinu sem eru komnar yfir þrítugt. Mikil reynsla í liðinu,“ bendir Gunnhildur Yrsa á.

„Já, kjarninn helst lengur,“ bætir Hallbera við. „Það eru kostir og það eru gallar. Gallarnir eru að yngstu efnilegu stelpurnar eru ekki að spila með bestu leikmönnunum,“ segir Hallbera.

„Við erum ekki með U21 lið eins og strákarnir og það er löngu ➡




DORMA

Kynntu þér skilmála leiksins inni á frettabladid.is/sumarleikur

➡ kominn tími á það,“ segir Glódís ákveðin.

„Við erum með frábærar stelpur en þær missa auðvitað áhugann ef þær fá ekki pláss í landsliðinu. Það vantar betri vettvang fyrir þessar ungu og bráðefnilegu, setja þeim markmið. Um leið og þú ert búin með U19 þá þarf eitthvað að taka við. Það er of fjarlægt markmið að komast í landsliðið eftir U19 og þá er hætt við því að stelpur gefist upp. Það þarf að koma í veg fyrir þetta,“ segir Glódís og Gunnhildur Yrsa og Hallbera taka undir.

**Fínt fyrir kynin að spila saman**

*Stelpur þurfa stundum að spila drengjamegin í sumum liðum landsins. Hvað finnst ykkur um það?* „Mér finnst ekki endilega neikvætt að stelpur þurfi að æfa með strákum. En það er kannski ekki gott ef ástæðan er sú að það eru einfaldlega ekki nógu margar stelpur að æfa til þess að það sé hægt að halda úti stelpnaflokki,“ segir Hallbera. „Ég held að það væri mjög gaman ef það væri hægt að blanda þessu saman þó það væri nóg af stelpum. Að leyfa þeim að spila með. Ég held það sé gott fyrir stelpur að spila með strákum og öfugt.“

„Já, tek undir þetta, alveg upp í fjórða flokk,“ bætir Glódís við. „Þetta ætti að vera svolítið frjálsara.“

„Já, þau yngri eru nefnilega bara ótrúlega svipuð og það er fínt fyrir kynin að spila saman,“ segir Gunnhildur Yrsa.

„En ég tek það fram að auðvitað er það ekki gott ef það er eina úrræðið í boði að æfa með strákum,“ segir Hallbera.

**Tiltrú skiptir öllu**

*Fá stelpur jafn færa og áhugasama þjálfara og strákar í yngri flokkum?*



„Við höfum meira fyrir þessu en strákarnir,“ segir Hallbera um aðstöðumun kynjanna í fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ég var með mjög áhugasaman þjálfara í yngri flokkum,“ segir Glódís. „Hann var með mér upp alla yngri flokka í HK. Ég fékk gott atlæti.“

„Ég fékk líka góða þjálfara, það var lagt mikið upp úr því í Stjörnunni,“ segir Gunnhildur Yrsa.

„Ég man ekki eftir því að þetta hafi verið vandamál hjá mér, en ég skipti mjög oft um þjálfara. En það getur verið að þetta sé vandamál sums staðar,“ segir Hallbera.

„Í dag finnst mér metnaður fyrir því að hafa menntaða þjálfara og lið leggi mikla áherslu á það,“ segir Gunnhildur Yrsa.

„Minn þjálfari breytti viðhorfi mínu,“ segir Glódís. „Ég var ekkert frábær leikmaður í fimmta flokki. Þjálfarinn fékk mig til að trúa því að ég hefði hæfileika og gæti unnið úr þeim.“

Gunnhildur Yrsa segir sömu sögu. „Ég lenti líka í því þegar ég var fjórtán ára að þá voru allar stelpur að hætta. Þjálfarinn tók mig til hliðar og sagði mér að hann ætlaði ekki að gefast upp á mér. Hann ætlaði að láta mig halda áfram. Þá hugsar maður til þess sem aðrir sjá í manni. Þegar mann sjálfan vantar tiltrú. Hún hélt mér í fótboltanum. Hún var alls ekki að pína mig en fékk mig til að átta mig á hæfileikum mínum og að ég ætti að leggja rækt við þá.“

„Það er ótrúlega mikilvægt að finna þessa trú. Því fyrr því betra. Ef einhver hefur trú á þér þá leggur þú meira á þig,“ segir Glódís.

**Himinn og haf á milli launa**

*Þjálfarar ykkar sögðu á síðasta ári að þótt nokkrar í liðinu hefðu það mjög gott væru leikmenn meðal ykkar sem ættu ekki fyrir mat í síðustu viku hvers mánaðar. Eruð þið ekki á góðum launum?* „Almennt séð eru konur langt, langt á eftir karlmönnum þegar kemur að fótbolta,“ segir Hallbera. „Enn sem komið er þá eru minni tekjur af kvennaboltanum. Núna síðustu ár hafa fleiri leikmenn náð góðum samningum. Ég held að flestar sem eru úti núna komist vel af. Það hefur hins vegar ekki alltaf verið þannig,“ segir Hallbera og Glódís tekur undir. „Í samanburði við strákana er himinn og haf á milli. Við erum ekki að draga inn jafn mikið af tekjum fyrir klúbbinn. En það eru að koma fleiri styrktaraðilar og stærri klúbbar farnir að taka þátt. Þetta er á uppleið,“ segir Glódís.

*Annað atriði sem þjálfarar ykkar nefndu sem dæmi voru glæsibifreiðar sem U23 eru á meðan stelpurnar keyra um á Volkswagen Polo.* „Já, það er hluti af þessu sem við vorum að ræða áðan. Kvennaboltinn er ekki kominn næstum því jafn langt og karlaboltinn. Ef þú spáir í það, þá er þetta ekki gömul íþrótt, ekki miðað við karlaboltann. Þetta er undir áhorfendum komið. Það er ekki langt síðan íslenska kvennalandsliðið var bara lagt niður,“ segir Hallbera.

*Er bylting handan við hornið?* „Mér finnst eins og það sé ótrúlega mikið að gerast akkúrat núna,“ segir Gunnhildur Yrsa.

„Maður sér það eins og þegar við vorum að spila gegn Brasilíu að þá sláum við vallarmetið. Bara svona hlutir eru ómetanlegir. Öll athygli skiptir líka öllu máli og verður til þess að kvennaboltinn vex,“ bætir hún við.

**Kvenfyrirmyndir skipta máli**

„Áður voru fótboltakonur ekki sýnilegar í samfélaginu,“ heldur Gunnhildur Yrsa áfram.

„Ungar stelpur verða að sjá hvað er hægt að afreka sem fótboltakona. Ekki bara að það séu fótboltakarlar. Bara það að sjá að Hallbera er úti að spila og að spila með landsliðinu. Að hún er er atvinnufótboltakona, það skiptir máli. Þegar ég var yngri þá var ekki mikið af fyrirmyndum. Ég fór ung á kvennaleik í Bandaríkjunum og þá kom íslensk knattspyrnukona og gaf mér miða á leik. Þetta breytti lífi mínu. Þessu atviki mun ég aldrei gleyma. Ég vildi verða eins og hún. Svona litlir hlutir geta breytt miklu.“

Glódís tekur undir með Gunnhildi Yrsu. „Kvenfyrirmyndirnar skipta miklu máli. Þegar ég var í yngri flokki var ég að spila með systur Kötu Jóns. Kata var oft að horfa á leiki þegar ég var að spila og það voru svo sannarlega best spiluðu leikirnir þegar hún var að horfa. Bara það að vita af henni ýtti við einhverju innra með manni. Einhverri löngun.“

**Efnilegar stúlkur í aukavinnu**

Þær eru allar sammála um það að þótt kvennaboltinn vaxi þá sé það ennþá þannig að ungar stúlkur þurfi að hafa miklu meira fyrir því að stunda fótbolta en strákar. „Þetta er staðreynd. Í stóru liðunum þegar góðir strákar eru hæfileikaríkir fá þeir samning og einhverja peninga. Á meðan efnilegur stelpurnar þurfa að fara í vinnu til að halda sér uppi. Hættan er sú að ef þær eru í aukavinnu með boltanum, þá kannski missa þær áhugann, þreytast,“ segir Glódís sem segist sjálf hafa verið heppin hvað þetta varðar. Hún stundaði ekki mikla aukavinnu ung með boltanum.

Hallbera tekur undir. „Já, þetta er óumdeilanlegt og stundum er bara fáránlegt að hugsa til þess hversu mikið maður hefur verið að gera með boltanum. Vinkonurnar spyrja alltaf, sleppir þú ekki bara æfingu? Nei! Gleymdu því! svarar maður þá,“ segir Hallbera. „Margar okkar eru í skóla, hafa verið að vinna meðfram æfingum alla tíð. Einhverjar eru líka með börn, þetta er auðvitað mikil vinna, við höfum meira fyrir þessu en strákarnir,“ segir Hallbera.

„Þannig er það almennt í gegnum þetta allt,“ segir Glódís.

„Það er óhætt að segja að stelpur leggi miklu meira á sig við að samtvinna þetta einhvern veginn. Það taka allir undir það,“ segir Hallbera.

„Auðvitað er hægt að segja að við sem komumst í gegnum þetta séum sterkari. En það má líka spyrja sig, hvað með hinar sem gáfust upp? Hefðu þær ekki getað orðið góðar fótboltakonur?“ Spyr Gunnhildur Yrsa.

*Hvernig breytist þetta?* „Þetta er barátta. Því meiri árangri sem við náum, því fleiri fylgja okkur. Því fljótar breytist þetta. Þetta veltur allt á áhorfendum. Áhuga fólks, að við sitjum við sama borð í umfjöllun fjölmiðla. Áhugi styrktaraðila skiptir máli og það veltur allt á áhuga fólks og árangri okkar,“ segir Gunnhildur Yrsa.

„Þetta er allt annað núna. Við höfum unnið fyrir þessu. Við fáum kannski ekki jafn mikið og strákarnir myndu fá en við fáum alltaf eitthvað og meira og meira,“ segir Glódís.

„Við viljum verða fyrirmyndir. Viljum að ungar stúlkur sjái framtíðina í okkur,“ bætir hún við.

„Síðustu ár hefur margt breyst til þess að svo geti orðið,“ segir Hallbera.

**Góð mæting í Hollandi**

*Eruð þið sáttar við þá umfjöllun sem þið fáið í fjölmiðlum?* „Já, sérstaklega landsliðið,“ segir Hallbera. „Það var ekki góð umfjöllun um boltann í Pepsi-deildinni heima. Hún var sorglega léleg en síðustu tvö sumur hefur hún verið mjög góð. Núna í ár myndi ég segja að umfjöllun um kvennaboltann hafi verið mjög góð og það er ánægjulegt. Skiptir ótrúlega miklu máli.“

*Skiptir máli að gagnrýna aðstæður stelpna í boltanum?* „Það skiptir máli. Það gerist ekkert ef maður þegir á því. Við höfum skoðun á þessu. Við gagnrýnum helst með því að standa okkur vel. Það er ekki hægt að horfa fram hjá okkur,“ segir Glódís.

*Og það er allt útlit fyrir það að það verði fjöldamæting, að það verði 10% Íslendinga á vellinum?* „Jú, jú, fjölskyldan mín mætir,“ segir Gunnhildur Yrsa og hlær.



# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI















GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

# Þetta eru stelpurnar okkar





## Guðbjörg Gunnarsdóttir

**Staða:** Markvörður
**Félagslið:** Djurgården í Svíþjóð
**Fædd:** 1985
**Landsleikir (mörk):** 51 (0)
**Treyjunúmer:** 1

Markvörðurinn magnaði þurfti lengi að standa í skugganum af Þóru Björgu Helgadóttur en fékk tækifærið á EM fyrir fjórum árum og hefur ekki litið um öxl síðan. Meistari á Íslandi, meistari í Noregi, bara algjör meistari sem er eins mikill lykilmaður í íslenska liðinu og þeir gerast.

## Glódís Perla Viggósdóttir

**Staða:** Varnarmaður
**Félagslið:** Eskilstuna í Svíþjóð
**Fædd:** 1995
**Landsleikir (mörk):** 54 (2)
**Treyjunúmer:** 4

Fyrir fjórum árum var Glódís Perla efnilegasti varnarmaður íslenska landsliðsins, aðeins 17 ára gömul. Hún var valin í lokahópinn fyrir EM 2013 eftir að spila fyrsta landsleikinn sinn árinu áður. Nú er Glódís Perla besti varnarmaður íslenska liðsins og algjör lykilmaður. Glódís er hugsandi varnarmaður sem staðsetur sig frábærlega og er ótrúlega góð á boltann. Það gerist varla að sendingar frá henni út úr vörninni rati ekki á samherja. Hún er búin að spila 54 landsleiki þrátt fyrir að vera aðeins 22 ára gömul.



## Harpa Þorsteinsdóttir

**Staða:** Framherji
**Félagslið:** Stjarnan
**Fædd:** 1986
**Landsleikir (mörk):** 61 (18)
**Treyjunúmer:** 16

Harpa „Marka“ Þorsteinsdóttir var lengi í gang fyrir íslenska landsliðið en þegar stíflan brast gerðist það með látum. Þessi markheppni og öflugi framherji var markahæst í undankeppni EM en eignaðist svo barn og var óvíst hvort hún færi með til Hollands. Hún gerði nóg til að heilla Frey á lokametrunum, meðal annars með góðu samtali. Hún er síðan í síðustu leikjum í Pepsi-deildinni byrjuð að skora aftur að vild. Það eru einhver ánægjulegustu tíðindi sem íslenska liðið gat fengið. Freyr talaði um að hún yrði í minna hlutverki en áður en ef hún er að skora eins og hún á að sér verður erfitt fyrir hann að halda Hörpu fyrir utan byrjunarliðið í fyrsta leik.



## Dagný Brynjarsdóttir

**Staða:** Miðjumaður
**Félagslið:** Portland Thorns í BNA
**Fædd:** 1992
**Landsleikir (mörk):** 70 (19)
**Treyjunúmer:** 10

Einn allra mikilvægasti leikmaður íslenska liðsins. Rangæingurinn hefur allt til brunns að bera en hún er stór, kraftmikil, góð á boltann og skorar mörk. Dagný hefur verið mikið meidd og spilað lítið í nýju leikkerfi landsliðsins en það eina sem skiptir máli er að hún sé heil og geti spilað alla leiki íslenska liðsins. Hún er rétt á eftir Söru Björk sé liðið sett upp á styrkleikalista leikmann fyrir leikmann og svona gæði þarf að hafa inni á vellinum.



## Sara Björk Gunnarsdóttir

**Staða:** Miðjumaður
**Félagslið:** WfL Wolfsburg í Þýskalandi
**Fædd:** 1990
**Landsleikir (mörk):** 106 (18)
**Treyjunúmer:** 7

Heill sé þér, fyrirliði góður. Sara Björk er besta fótboltakona sem Ísland á í dag og það styttist í að talað verði um hana sem þá bestu allra tíma. Engin hefur náð jafn langt og það er ekki að ástæðulausu. Óþreytandi baráttujaxl sem hefur lagt ævintýralega mikið á sig til að komast í eitt besta félagslið heims. Sara Björk er jafn mikilvæg fyrir kvennalandsliðið og Gylfi Þór er fyrir karlaliðið. Það er ekkert að því að vera með einn besta miðjumann Evrópu í sínu liði. Hún tók við fyrirliðabandinu af Margréti Láru eftir að hún meiddist.


HÁRÆÐASLIT Í ANDLITINU ?
ÞAÐ ER TIL LAUSN - VIÐ FJARLÆGJUM HÁRÆÐASLIT ENDANLEGA Í ANDLITI







PANTAÐU FRÍAN TÍMA Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA 893-0098
Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com




## Agla María Albertsdóttir

**Staða:** Framherji
**Félagslið:** Stjarnan
**Fædd:** 1999
**Landsleikir (mörk):** 4 (0)
**Treyjunúmer:** 17

Annar EM-nýliði sem stal farseðli á lokametrunum. Kópavogsstúlkan sem yfirgaf Breiðablik, fór í Val en fann sig svo í Stjörnunni er aðeins 17 ára gömul en virðist vera, eins og svo margir aðrir ungir leikmenn, klár í slaginn. Gríðarlega kraftmikill leikmaður sem byrjaði síðustu tvo leiki Íslands.



## Anna Björk Kristjánsdóttir

**Staða:** Varnarmaður
**Félagslið:** LB07
**Fædd:** 1989
**Landsleikir (mörk):** 31 (0)
**Treyjunúmer:** 19

Stjörnukonan var búin að festa sér sæti við hlið Glódísar Perlu í byrjunarliðinu en síðan kom Sif Atladóttir á fullu til baka og nýtti sér meiðsli Önnu eins og Anna gerði þegar Sif var frá. Núna geta þær allar spilað saman í þriggja manna miðvarðakerfinu. Ekki slæmt þríeyki það með Glódísi Perlu.



## Arna Sif Ásgrímsdóttir

**Staða:** Varnarmaður
**Félagslið:** Valur
**Fædd:** 1992
**Landsleikir (mörk):** 12 (1)
**Treyjunúmer:** 21

Önnur frá Norðurlandi sem hefur staðið sig vel í þeim landsleikjum sem hún hefur spilað. Komst út í atvinnumennsku en kom heim til Vals þar sem hún spilar núna. Miðvörður sem gefur ekkert eftir en spurning er hvort hún komi mikið við sögu á mótinu.

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 8. JÚLÍ 2017



**Jóakim Meyvant Kvaran er í frumsýningarham þessa dagana en Sirkus Íslands frumsýnir hvorki meira né minna en þrjár nýjar sýningar um þessa helgi.**

helgin →4



MYND/ERNIR

# Vill ekki þóknast öðrum

Stuðmannabarnið Dísa var hin ánægðasta með að heita Bryndís þar til hún flutti til Danmerkur, þar sem y hljómar sem u. Hún syngur nú glænýtt lag Stuðmanna, á sjálf lag á topplistum og vinnur að draumkenndri sólóplötu. →2

**Active Liver**




Heilbrigð melting - stuðlar að eðlilegum efnaskiptum

**Fæst í næsta apóteki**

**www.icecare.is**



Hjá Bryndísi fer helgin í söng á Gljúfrasteini og að leggja lokahönd á nýju plötuna sem kemur út í haust, en á sumrin dreymir hana um að komast í útilegu í íslenskri náttúru. MYND/ERNIR

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Listamannsnafnið er Dísa og áður en ég flutti til Danmerkur var ég hin ánægðasta með að heita Bryndís. Nafnið er bara svo óþjált og hryllilegt með dönskum framburði, þar sem y hljómar eins og u, að ég hreinlega sleppti því,“ segir Bryndís og brosir við.

Eftir sjö ára líf, starf og búsetu í Danaveldi flutti Bryndís heim í byrjun árs.

„Ég elska Ísland og líður best hér heima nærri fjölskyldunni,“ segir Bryndís, sem búið hefur hálfa ævina ytra. Fjögurra ára flutti hún til Bretlands þegar faðir hennar, Jakob Magnússon, tók við starfi menningarfulltrúa við sendiráð Íslands í Lundúnum og bjó þar til tólf ára aldurs með foreldrum sínum, Jakobi og Ragnhildi Gísladóttur söngkonu; Stuðmönnum með meiru.

„Ég hef aðeins tekið lagið með Stuðmönnum eftir að ég kom heim,“ segir Bryndís sem vakti athygli margra í skrúðgöngunni þann 17. júní, þegar hún sat með Stuðmönnum á palli gamals sendibíls og fetaði í fótspor móður sinnar í hverjum smellinum á fætur öðrum. „Sumum þykir eflaust passa að ég taki þetta að mér og allt í einu var tímasetningin rétt og ég komin heim. Það er heiður að spila með jafn flinkum tónlistarmönnum og Stuðmenn eru, og ef það koma fleiri gigg er ég með. Við hlustuðum ekkert á Stuðmannalögin heima þegar ég var að vaxa úr grasi svo ég kann ekki textana upp á tíu og þarf að hafa þá á blaði, en við mamma erum með svipaðan lit í tóni radda okkar; eins konar mæðgnalit,“ segir Bryndís, en þess má geta að Stuðmenn vinna að nýrri plötu þar sem Bryndís syngur fáein lög og er eitt þeirra nú í spilun: Vor fyrir vestan.

## Gott að fara í hugarferðalag

Tónlist er fyrirferðarmikil í lífi Bryndísar þessa dagana því hún leggur lokahönd á plötu sem kemur út í haust. Þá er hún í fullu starfi sem heilsunuddari hjá Sóley Natural Spa.

„Nudd er skemmtilegt og hægt að byggja endalaust ofan á það eins og Legókubba. Heilsunuddari veitir klassískt nudd, íþróttanudd og meðgöngunudd og nú er ég að bæta við mig taílensku nuddi. Nudd og tónlist eru líka samofin í mínum huga; hvort tveggja snýst um að halda flæði, vera í flæði og hjálpa fólki að ná flæði í lífsorku og tilfinningum.“

Á nýrri plötu Dísu kveður við nýjan tón sem hún kallar sveimandi hljóðmynd.

„Nýja platan verður lífrænni en fyrri plötur og ekki eins mikið um trommur og bít. Ég er að vinna hana með vini mínum úr skólanum úti, Mikkel Juul, sem er frábær tónlistarmaður og pródúsent. Þegar ég sest niður til að semja tónlist eða texta koma til mín ambient-áhrif sem vekja hughrif og draumkennt ástand; róleg og kraftmikil í senn. Mér að yrkisefni verða ferðalög hugans, lýsingar á draumum og myndrænum hlutum, eins og það sem maður sér á milli svefns og vöku eða í djúpri hugleiðslu.“

Bryndís segist alltaf hafa verið andlega þenkjandi enda séu óravíddir hugans spennandi.

„Í undirmeðvitundinni býr svo margt og þar getur ýmislegt gerst sem gefur frið frá daglegu amstri. Mér þykir gott að fara á svolítið hugarflug sem veitir slökun og tilbreytingu, og sem barn skrifaði ég sögur, sem voru súrrealísk steypa.

> **Mamma og pabbi eru algjörir snillingar, en ég geri bara mitt. Bæði geta verið samtímis í vinsælli popptónlist en líka samið frumlega, sérkennilega og skemmtilega tónlist.**
>
> Bryndís Jakobsdóttir

Þá lét ég pennann skrifa óheft og viðstöðulaust til að sjá hvaða persónur birtust, litir og óvæntir atburðir, enda áhugavert þegar hugur barns fer á flug. Ég gef það kannski út sem smásagnasafn á elliheimilinu,“ segir hún og hlær.

Hverjir tengi við tónlist hennar lætur Bryndís sig litlu varða.

„Ég er í músík vegna þess að ég get ekki verið án þess. Ég leyfi því að koma sem kemur til mín og kemur ekki annað við. Ég hef eytt miklum tíma í að reyna að búa til tónlist til að þóknast öðrum og með það hugarfar hef ég ekki gert annað en að rekast á veggi. Ég var allt of lengi meðvirk gagnvart ákveðnum tónlistarbransa og reyndi of lengi að búa til tónlist sem gæti mögulega komist í útvarp en einmitt það hefur tafið mig sem listamann. Ég geri það aldrei aftur. Ég verð að spila eftir eigin reglum, annars virkar það ekki. Leikaragenin fóru fram hjá mér og um leið og ég fer að þykjast önnur en ég er verður það búið spil. Mitt ætlunarverk er að skapa heilsteypta tónlist.“

## Dásamlegt móðurhlutverk

Bryndís eignaðist tvo drengi með danska tónlistarmanninum Mads Mouritz. Þeir eru nú fimm og sex ára.

„Minn stærsti draumur sem telpa var að verða mamma þegar ég væri orðin stór. Móðurhlutverkið er dásamlegt, krefjandi og skemmtilegt. Það er enn númer eitt, tvö og þrjú í lífi mínu og allt annað skipulegg ég með strákana mína til hliðsjónar.“

Eftir að Bryndís flutti heim hefur Mads ferðast á milli landa til að vera nærri sonum þeirra og er nú farinn að fóta sig í vinnu með íslenskum tónlistarmönnum.

„Á næstunni ætlar hann að flytja til Íslands til að búa sem næst sonum sínum og mér finnst það dásamlegt svo að strákarnir nái að festa rætur á Íslandi, kynnast móðurfólkinu sínu betur og læra íslenskuna vel. Við sjáum svo hvað lífið ætlar okkur eftir þrjú ár eða svo.“

Bryndís lauk námi í lagasmíðum við tónlistarháskóla í Kaupmannahöfn og tók nuddnámið samhliða. Hún er á mála hjá Sony sem sendir lög hennar til framleiðenda kvikmynda, sjónvarpsefnis og auglýsinga. Hafa lög hennar lent í auglýsingu fyrir Victoria's Secret og kvikmynd leikstjórans Tims Burton, Miss Peregrine's Home for Peculiar Children.

„Það er auðvitað mjög skemmtilegt og ég væri mjög svo til í að vinna meira að sérsniðnum verkefnum við kvikmyndir og sjónvarp, bæði hér heima og ytra,“ segir Bryndís sem hefur sinn eigin ákveðna tónlistarstíl þrátt fyrir að vera barn afkastamikilla tónlistarmanna.

„Mamma og pabbi eru algjörir snillingar, en ég geri bara mitt. Bæði hafa þessi element að geta verið samtímis í vinsælli popptónlist en líka samið frumlega, sérkennilega og skemmtilega tónlist,“ segir hún brosmild.

Nýtt lag Dísu, Reflections, er nú á topplista Rásar 2 og á morgun, sunnudag, syngur Dísa í stofu nóbelsskáldsins að Gljúfrasteini. Henni til fulltingis verða Sigurður Guðmundsson á píanó og Ingimundur Guðmundsson á hljómborð.

„Ég ætla að bjóða upp á indverskan söng í forrétt, þar sem ég hef verið í söngtímum á Skype hjá breskri söngkonu sem ólst upp á Indlandi. Svo tek ég ný lög og gömul, og eitt afrískt. Allir eru velkomnir og upplagt að taka sunnudagsbíltúr eða göngu að Gljúfrasteini með börnin.“

Stofutónleikar Dísu á Gljúfrasteini hefjast klukkan 16.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Frábær virkni af Bio-Kult

## Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Ragna Lóa mælir með Bio-Kult Original sem hefur reynst henni mjög vel.

Þegar Ragna Lóa Stefánsdóttir kom heim frá Marokkó var hún með slæma magakveisu og leið illa. Hún fór til læknis sem gaf henni lyf við kveisunni. „En það var eins og ég næði mér ekki alveg af magakveisunni og ákvað því að prófa Bio-Kult Original þar sem ég hafði heyrt svo gott af því áður,“ segir Ragna Lóa.

### Mælir með Bio-Kult

Árangurinn lét ekki á sér standa og fann Ragna Lóa ótrúlega fljótt mun eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. „Ég hef fundið að með aldrinum þá verð ég viðkvæmari í maganum og það er ekki sama hvað ég borða, ég þarf að passa betur upp á mataræðið til að halda meltingunni í lagi. Bio-Kult Original kemur þar sterkt inn fyrir mig því mér finnst að meltingin sé betri og ég finn að það gerir mér gott,“ lýsir hún og bætir við að það eigi sérstaklega við þegar fólk sé undir álagi því þá eflir Bio-Kult varnir líkamans. „Ég mæli með Bio Kult Original, það hefur reynst mér mjög vel.“

### Gott fyrir meltinguna

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar. Ég mæli heilshugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract og með Bio-Kult Original, báðar tegundir hafa reynst mér vel,“ segir Margrét.





Ragna Lóa fann ótrúlega fljótt mun á sér eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. MYND/STEFÁN

» Ég hef fundið að með aldrinum verð ég viðkvæmari í maganum og það er ekki sama hvað ég borða, ég passa mataræðið til að halda meltingunni í lagi.

### Bio-Kult fyrir alla

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum.

Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

# Heilbrigð melting með Active Liver

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur veldur miklu álagi á starfsemi lifrinnar og gallsins. Matur, sem neytt er nú á dögum, inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina,“ útskýrir Ólöf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri hjá IceCare.




Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætiþistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósystein.

### Góður árangur

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruefnin í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna. Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin.


Active Liver virkar vel fyrir Jónu.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is


## Feitur matur og sterkur örvar sýruframleiðslu

**ENGIN UPPÞEMBA LENGUR**

**Einar Ágúst Einarsson,** smiður mælir með **Frutin** töflunum en eftir að hann byrjaði að taka þær hálftíma fyrir svefn og mat finnur hann lítið sem ekkert fyrir óþægindum eða uppþembu.

„Ég hafði verið með mikla uppþembu og brjóstsviða eftir mat í langan tíma. Þetta kom sérstaklega fyrir ef ég borðaði seint á kvöldin eða fékk mér gosdrykki eða bjór stuttu fyrir svefninn. Þar sem ég er smiður og mikið á ferðinni milli vinnustaða er oft auðvelt að detta í skyndibitann og fylgir því brjóstsviði eða uppþemba í nær öll skiptin.
Eftir að ég byrjaði að taka **Frutin** töflurnar finn ég ekki fyrir því lengur,“ segir Einar Ágúst ánægður.

*Frutin eru töflur sem geta hjálpað þér að neyta fæðu sem getur valdið brjóstsviða án þess að eiga hættu á að finna fyrir óþægindum eftir máltíðina.*






IceCare
Þín heilsa

Frutin fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. **www.icecare.is**

# Sirkusköttur á róluvellinum

**Jóakim Meyvant Kvaran er nýútskrifaður með BA í sirkuslistum. Hann vinnur hjá Sirkus Íslands sem frumsýnir þrjár nýjar sýningar um helgina og hlakkar til að leika listir sínar í sumar.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Ég er nýkominn heim eftir fjögurra ára háskólanám í Rotterdam þaðan sem ég útskrifaðist í júní með BA-próf í sirkuslistum. Ég sérhæfði mig í súlufimi, sem er ekki það sama og súlufitness heldur er súlan ansi miklu hærri og hreyfingin öðruvísi. Aðrir voru til dæmis með jafnvægislistir, fimleika eða loftfimleika sem aðalgrein en fyrir utan það þurfum við líka að æfa okkur í undirstöðuatriðum eins og að djöggla og standa á höndum. Við erum líka mikið í leiklistaræfingum og dansi þannig að námið er mjög fjölbreytt og skóladagurinn oft langur.“

Sirkusáhuginn hafði alltaf blundað í Jóakim og sem krakki hafði hann gaman af því að leika sér á hjólaskautum og með bolta. En það má segja að fyrstu skrefin á sirkusbrautinni hafi verið stigin þegar hann sá einhjól í búðarglugga. „Ég var sautján ára og kolféll fyrir einhjólinu og keypti það strax. Svo veðjaði ég við félaga minn um hvor okkar yrði fljótari að læra á hjólið. Þannig að við vorum að æfa okkur á hverjum degi í einhverjar vikur niðri í bæ sem leiddi af sér að okkur var boðið á sirkusæfingu í Kramhúsinu með þeim hópi sem seinna stofnaði Sirkus Íslands. Og áður en við vissum af vorum við farnir að vinna við þetta, sýna og kenna.“ Jóakim hefur því verið hluti af Sirkus Íslands næstum frá byrjun. „Fyrsta sumarsýningin okkar var 2011 í Tjarnarbíó og það var ágætt að vera þar. Á Sirkushátíð sem var haldin í Vatnsmýrinni 2013, þar sem reis heilt þorp af sirkustjöldum, áttuðum við okkur hins vegar á því hvað það er mikilvægt fyrir sirkus að eiga sirkustjald. Við



Í sýningunni Róló leikur Jóakim kött sem fer sínar eigin leiðir. LJÓSMYND/EYÞÓR

efndum til söfnunar á Karolina Fund og árið 2014 fengum við Jöklu og erum búin að vera að sýna síðan þá.“

Í sumar verður Jökla mest á Klambratúni en áður hefur sirkusinn farið með tjaldið um allt land. „Við förum tvær helgar á Selfoss og komum aftur til Reykjavíkur en ætlum svo vonandi að flakka um landið með þessar sýningar næsta sumar.“ Sirkusinn er með þrjár nýjar sýningar í sumar, að sögn Jóakims. „Sú stærsta er fjölskyldusýningin Róló, Litli Sirkus er hugsuð fyrir undir fimm ára og foreldra þeirra og svo er það Skinnsemi þar sem við leyfum okkur fullorðinslegri húmor.“ Róló er sýning með söguþræði og gerist eins og nafnið bendir til á róluvelli. „Karakterinn minn er svona hálfgerður villiköttur sem á heima á leikvellinum og er pínulítið góður með sig en hefur gaman af því að ráfa um og heimsækja börnin sem eru að leika sér.“ Hann má ekki segja mikið um aðrar persónur. „En ég get lofað því að lokaatriðið verður það flottasta sem við höfum nokkurn tíma sýnt.“

Sirkusinn verður með sýningar allar helgar í sumar en síðasta sýningin er 20. ágúst, sunnudaginn eftir menningarnótt.

Nánari upplýsingar má finna á sirkusislands.is.




SUMARÚTSALA
20 - 50% AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM
-30%
Olaf skenkur kr. 228.700
NÚ KR. 160.000
20 - 30% AFSLÁTTUR AF PÚÐUM
-30%
Olaf TV sknekur kr. 145.800
NÚ KR. 102.000
Hype stóll kr. 39.900
NÚ KR. 23.940
-40%
10% AFSLÁTTUR
AF NÝJUM VÖRUM
OG SÉRPÖNTUNUM
-50%
Gold karfa kr. 18.600
NÚ KR. 9.300
Wire sófaborð 90 cm kr.69.800
NÚ KR. 34.900
-50%
-40%
Adele stóll kr. 67.900
NÚ KR. 39.900
Birgit
Stækkanlegt gegnheilt
eikarborð 105x180 cm
2 x 50 cm stækkun kr. 269.900
NÚ KR. 215.920
-20%
LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

# Ný tækni við húsasmíði

## Einingahús úr gler- og koltrefjum með kjarna úr steinull eru hugmynd Regins Grímssonar. Við smíðina er sama verklag notað og í bátasmíði.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Álagsprófunum Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins á Fibra húsinu var að ljúka á dögunum. Húsið stóðst þær tífalt,“ segir Regin Grímsson, frumkvöðull og stofnandi Fibra, einingahúsa úr trefjaplasti.

„Ég hef búið til báta úr trefjaplasti frá 1977 og setti bátaverksmiðju á fót á Sauðárkróki fyrir nokkrum árum. Þar er steinullarverksmiðjan og sú hugmynd fæðist í kollinum á mér að búa til íbúðarhús úr einingum, steyptum úr trefjaplasti, með kjarna úr steinull. Verkefnið vann samkeppni um viðskiptahugmynd í sveitarfélaginu og vann einnig samkeppni um bestu hugmyndina í sjónvarpsþáttunum Toppstöðin á RÚV. Í framhaldinu hlaut verkefnið styrk frá Rannís og nú höfum við sett á fót verkstæði í Vogum þar sem við munum framleiða Fibra húsin,“ segir Regin.

Hugmyndinni var hrundið í framkvæmd 2015 og þó eiginleg framleiðsla húsanna sé ekki hafin hafa þau þegar vakið athygli út fyrir landsteinana. Von er á sérfræðingum á vegum Danska Tækniháskólans, DTU, en til stendur að setja upp Fibra hús á Grænlandi til reynslu í eitt og hálft ár.

„Danski tækniháskólinn er með þeim virtustu í Evrópu og þetta verður afar spennandi prófraun en á Grænlandi má segja að séu verstu veðuraðstæður í heiminum,“ segir Regin. Hann hefur fulla trú á að húsið standist prófið.

### Vatnsheld og viðhaldsfrí

„Allt verklagið úr bátasmíðinni yfirfæri ég í húsasmíðina. Trefjaplastbátar leka aldrei og það sama á við um Fibra húsin. Einingarnar eru settar saman á staðnum og samskeyti límd eða plöstuð. Skilyrði munu því ekki skapast fyrir myglu í þessum húsum. Inni í rýminu þarf þó að sjálfsögðu að vera loftræsting. Fibra húsin eru einnig núll-orkuhús og verða sjálfbær hvað snertir upphitun.“

Þá verða Fibra húsin algjörlega viðhaldsfrí að sögn Regins.



Regin Grímsson hefur fengið einkaleyfi á hugmyndinni, einingar úr gler- og koltrefjum með kjarna úr steinull. MYND/FIBRA

„Veggirnir eru með innbyggðu burðarvirki úr trefjaplasti. Ekkert ryðgar, ekkert fúnar, ekkert viðhald þarf, nema fólk vilji skipta um lit á húsinu, þá er hægt að mála. Efnið hefur einnig staðist allar eldprófanir og þar með opnast möguleikinn á að byggja fjölbýlishús en þar sem þetta hefur aldrei verið gert áður eru engir staðlar til fyrir húsbyggingar á þennan máta. Verkfræðistofan Mannvit hefur boðist til að gera reiknilíkanið sem þarf,“ segir Regin og bætir við að þessi byggingatækni og efni bjóði upp á spennandi hönnunarmöguleika.

„Við ætlum að brjóta blað í byggingasögunni á Íslandi. Þessi hús geta enst í hundruð ára og í fullkomnu lagi. Ef fólk vill flytja, til dæmis ef atvinnuástand breytist á svæðinu, má einfaldlega sjósetja húsið og draga það á nýjan stað. Það flýtur eins og kassi og er ekki valt. Bara muna eftir að loka gluggunum áður.

Við stefnum á að gera ódýr hús en möguleikinn á stórum húsum er fyrir hendi.“



Útfærsla á Fibra húsi eftir Harald Ingvarsson arkitekt.



„Við stefnum á að gera ódýr hús en möguleiki á stórum húsum er fyrir hendi.“



Einingarnar eru settar saman og samskeyti límd eða plöstuð saman. Húsin eru vatnsheld og viðhaldsfrí.

Vinsælasta útvarpsappið

9 útvarpsstöðvar • fréttir • hljóðbrot • upplýsingar um flytjendur og margt fleira

BYLGJAN 989 FM957 X 97·7




Download on the App Store
GET IT ON Google Play

Frumherji

## Skoðunarmaður á Selfossi

**Við leitum að starfskrafti sem hefur góða þjónustulund, er áreiðanlegur, getur starfað sjálfstætt og er tilbúinn að bæta þekkingu sína og hæfni til þess að takast á við krefjandi starf hjá traustu fyrirtæki**

**Starfið**
- Annast skoðun ökutækja
- Samskipti við viðskiptavini
- Skráningar í tölvu
- Eftirlit með tækjum og þrif á húsnæði
- Góður starfsandi og öflugt starfsmannafélag

**Hæfniskröfur**
- Starfsréttindi sem bifvélavirki (sveinn eða meistari) skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.

Umsækjendur þurfa að hafa kennsluréttindi í grunnskóla. Leitað er eftir einstaklingum með góða skiulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af samkennslu árganga og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands

**Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2017.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, skólastjóri,
sími 451 3430, netfang *skolastjori@strandabyggd.is*

*Umsóknir með starfsferilsskrá og afriti prófskírteina ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist á skolastjori@strandabyggd.is eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólabraut 20-22, 510 Hólmavík*

**Strandabyggð leitar að öflugum starfsmanni á skrifstofu sveitarfélagsins.**

## Starf á skrifstofu Strandabyggðar

**Markmið og verkefni**
- Símavarsla og móttaka og upplýsingagjöf
- Vinnsla í bókhaldi, reikningagerð og innheimta
- Launavinnsla
- Umsjón með vef
- Skjalavarsla og skipulag

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi eða starfsreynslu sem vega má að jöfnu
- Góð samskiptafærni, skipulagsfærni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og jákvætt hugarfar
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

Um er að ræða fjölbreytt starf þar sem skipulagðir og töluglöggir einstaklingar með góða samskiptafærni ættu að blómstra.

**Umsóknarfrestur er til 15. júlí** og skulu umsóknir ásamt ferilskrá berast skrifstofu Strandabyggðar, Höfðagötu 3, 510 Hómavík eða á netfangið strandabyggd@strandabyggd.is.
Nánari upplýsingar um starfið og sveitarfélagið er að finna á vefsíðunni **www.strandabyggd.is.**

*Íbúar Strandabyggðar eru rétt innan við 500 og er Hólmavík þéttbýlisstaður sveitarfélagsins. Atvinnulífið er fjölbreytt og skólastarf öflugt. Félagsstarf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og þar er hugað að því að allir aldurshópar fái notið sín til fullnustu. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar og menningarlíf er kraftmikið og fjörugt allt árið um kring.*

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

## Starfskraftur óskast

Luxaflex

*Verslunarstarf*

*Óskum eftir starfsmanni í sérverslun*

*Vinsamlegast sendið umsóknir til ok@non.is eða síma 897 3047*

**Nútíma**
*Suðurlandsbraut 6*
*www.nutima.is*

# REIKNINGAGERÐ

## Íslenska Gámafélagið leitar að starfsmanni til að starfa á fjármálasviði fyrirtækisins



**Helstu verkefni:**

- Reikningagerð
- Innsláttur
- Bókun og skönnun
- Samskipti við viðskiptavini

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð tölvukunnátta og þekking á Axapta er kostur
- Sjálfstæð, nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Jákvætt viðhorf og góð þjónustulund

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigrún Guðjónsdóttir yfirmaður reikningagerðar, sigrun@gamur.is.
Umsóknir óskast á heimasíðu fyrirtækisins, https://umsokn.gamur.is, en umsóknarfrestur er til og með 28. júlí.

Hjá Íslenska gámafélaginu starfa 250 manns víða um land en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisþjónustu. Fyrirtækið hefur hlotið jafnlaunavottun VR og starfar eftir jafnlauna- og jafnréttisstefnu. Fyrirtækið hvetur konur jafnt sem karla að sækja um starfið.

Mannauðsstefna fyrirtækisins sækir stuðning í heimspeki fisksins „Fish Philosophy". Mannauðsstefnan lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem metnaðarfullt starf er unnið af jákvæðu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis.

**ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ**
Gufunesi gamur.is 577 5757

## Starf yfirmanns tæknideildar Stykkishólmsbæjar er laust til umsóknar.

Stykkishólmsbær auglýsir lausa til umsóknar stöðu yfirmanns tæknideildar Stykkishólmsbæjar sem jafnframt er byggingar- og skipulagsfulltrúi. Undir tæknideild fellur rekstur áhaldahúss, rekstur fasteigna Stykkishólmsbæjar og mannvirkja Stykkishólmshafnar. Um er að ræða mjög spennandi starf í áhugaverðu samfélagi. Leitað er eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa starfið á traustum grunni.. Byggingarfulltrúi ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, úttektum, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa. Ráðið verður í starfið frá og með 1.september n.k. eða eftir nánara samkomulagi **Um er að ræða 100% starf og er umsóknarfrestur til og með 31. júlí nk.**

**Samkvæmt auglýsingunni er starfssvið byggingarfulltrúa eftirfarandi:**

- Framkvæmd skipulags- og byggingarmála.
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar.
- Undirbúningur- og eftirfylgni funda skipulags- og byggingarefndar.
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar, sem sinna verkefnum á sviði byggingarmála.
- Umsjón framkvæmda og eignaumsýslu í sveitarfélaginu.
- Önnur verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi menntun og löggildingu samkvæmt ákvæðum 8. og 25.grein mann virkjalaga nr.160/2010 og uppfylli kröfur 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda mikilvæg..
- Þekking og reynsla af úttektum og mælingum.
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum og byggingarreglugerð.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Umsókn á að fylgja greinargóð starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

***Laun eru samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga við Samband íslenskra sveitarfélaga.***

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn á netfangið sturla@stykkisholmur.is eigi síðar en 31. júlí nk. Umsókninni þarf að fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf þar sem umsækjandi gerir sérstaklega grein fyrir hæfni til starfans út frá ofangreindum hæfnikröfum. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina a.m.k. tvo umsagnaraðila í umsókn sinni. Nánari upplýsingar veitir Sturla Böðvarsson , bæjarstjóri Stykkishólmi í síma 433-8100/863-8888 eða tölvupósti sturla@stykkisholmur.is.

*Stykkishólmi, 7. júlí 2017*
*Sturla Böðvarsson*

## Viltu vinna fjölbreytta vinnu á líflegum vinnustað?

**Áberandi óskar eftir að ráða:**

**Sölumann**
Sjálfstæðan, duglegan og umfram allt þjónustulipran sölumann. Meðal verkefna eru almenn sölustörf, viðhald viðskiptatengsla og öflun nýrra viðskiptavina.

**Skiltagerðamenn**
Störfin felast í almennri skiltagerð, upplímingu og uppsetningu skilta. Reynsla af iðnaðarstörfum er kostur s.s. smíðar, rafvirkjun, blikksmíði o.fl.

**Hæfniskröfur:**
- Jákvætt hugarfar
- Þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi
- Almennt bílpróf

Áberandi hvetur fólk af báðum kynjum og á öllum aldri til að sækja um.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Umsóknir og nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til **20. júlí n.k.**

Ef þú hefur áhuga á að starfa með okkur sendu þá umsókn á netfangið **aberandi@aberandi.is**

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 414 1900

Öllum umsóknum verður svarað.

**áberandi**

## Skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss.

## Sveitarfélagið Ölfus, auglýsingar um skipulag.

ÖLFUS

### Forstöðumaður á heimili fatlaðs fólks – Selvogsbraut Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus leitar eftir metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf forstöðumanns á heimili fatlaðs fólks. Á heimilinu er veitt einstaklingsmiðuð aðstoð með áherslu á valdeflingu og sjálfstætt líf. Um er að ræða 100% starf.

**Ábyrgðarsvið:**

- Faglegt starf og þjónusta við íbúa
- Daglegur rekstur heimilisins, stjórnun og starfsmannamál
- Innkaup fyrir heimilið
- Einkafjármunir íbúa og heimilissjóður samkvæmt umboði
- Gerð áætlana fyrir heimilið s.s. launa- og fjárhagsáætlanir
- Fjármál og eftirlit með þeim
- Meðferð gagna og upplýsinga
- Að þjónusta og starfsemi sé í samræmi við lög, reglugerðir og samning sameinuðu þjóðanna.

**Hæfniskröfur:**

- Þroskaþjálfamenntun og starfsleyfi sem þroskaþjálfi eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki.
- Reynsla af stjórnun og starfsmannamálum æskileg.
- Reynsla af skipulagi starfs á sviði þroskaþjálfunar æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Þjónustulund, góð framkoma og snyrtimennska
- Þekking á lögum sem snúa að málaflokknum.

***Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.***

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar af Maríu Kristjánsdóttur, forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, sími: 483-4000, netfang maria@hveragerdi.is **Umsóknum skal skilað til Sveitarfélagsins Ölfus, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða á netfangið maria@hveragerdi.is. Með umsókn skal skila upplýsingum um nám og starfsferil.**

***Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknarfrestur er til 24. júlí 2017.***

Frumherji

## Skoðunarmaður á Selfossi

**Við leitum að starfskrafti sem hefur góða þjónustulund, er áreiðanlegur, getur starfað sjálfstætt og er tilbúinn að bæta þekkingu sína og hæfni til þess að takast á við krefjandi starf hjá traustu fyrirtæki**

**Starfið**
- Annast skoðun ökutækja
- Samskipti við viðskiptavini
- Skráningar í tölvu
- Eftirlit með tækjum og þrif á húsnæði
- Góður starfsandi og öflugt starfsmannafélag

**Hæfniskröfur**
- Starfsréttindi sem bifvélavirki (sveinn eða meistari) skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.

Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Frumherja hf. Umsóknarfrestur er til 20.júlí 2017. Einnig hægt að senda umsóknir á Sigríði verkefnastjóra starfsmannamála, sigga@frumherji.is sem veitir frekari upplýsingar um starfið í síma 570 9144.

Öllum umsóknum verður svarað og þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Frumherji hf. var stofnað árið 1997 og starfar fyrirtækisið við ýmiskonar skoðanir og prófanir ásamt annarri tengdri þjónustu. Frumherji starfar nú á átta mismunandi sviðum á um 30 stöðum á landinu og eru flest starfssvið fyrirtækisins rekin samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum.**

**Frumherji hf. | Hesthálsi 6-8 | 110 Reykjavík | www.frumherji.is**

## Stálorka

óskar eftir lærðum málmiðnaðarmönnum eða mönnum vönum málmsmíði, aðal starfssvið eru viðgerðir og endurbætur á skipum, einnig vantar menn vönum smíði á ryðfrýu stáli.

Vinnutími 7:30 til 17:00 og á föstudögum 7:30 til 13:00 Hægt er að senda inn umsóknir á ***stalorka@simnet.is*** eða hafa samband við Benedikt á vinnutíma í síma 8927687

VSV

## Stýrimaður

Vinnslustöðin hf óskar eftir að ráða í stöðu yfirstýrimanns á Kap II VE 7.
Skipið er á netaveiðum, grálúðunetum og fer svo á aðrar netaveiðar.
Viðkomandi þarf að hafa full skipstjórnarréttindi á fiskiskip yfir 45 m.

**Umsækjendur hafi samband í síma 869 8681 eða í tölvupósti: sverrir@vsv.is**

Fjallabyggð

## ÚTBOÐ

- skóla- og frístundaakstur 2017-2020

Fjallabyggð, kt. 580706-0880, óskar eftir tilboðum í skóla- og frístundaakstur 2017-2020.

Um er að ræða akstursleið milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Útboðsgögn verða afhent á bæjarskrifstofu Fjallabyggðar að Gránugötu 24 á Siglufirði frá og með **10. júlí 2017**. Hægt er nálgast gögnin rafrænt, í tölvupósti á netfangið **hh@fjallabyggd.is** eða **armann@fjallabyggd.is**

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Fjallabyggðar Gránugötu 24, Siglufirði **mánudaginn 24. júlí 2017 kl. 14:00** og verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Ármann V. Sigurðsson
Deildarstjóri tæknideildar
Fjallabyggðar Sími: 464 9100

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

## Hveragerðisbær
### Skipulagsauglýsingar

HVERAGERÐISBÆR

**Tillaga að Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029.**

Bæjarráð, í umboði bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar, samþykkti þann 6. júlí 2017 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017. Í tillögunni er megináhersla lögð á þéttingu byggðar svo nýta megi sem best núverandi innviði bæjarins s.s. samgöngumannvirki, veitukerfi og stofnanir. Helstu leiðarljós eru sjálfbærni, fjölskylduvænt umhverfi, blómabær og efling atvinnutækifæra. Tillagan, sem samanstendur af skipulagsuppdrætti, skipulagsgreinargerð og umhverfisskýrslu, liggur frammi á bæjarskrifstofunum að Sunnumörk 2 og er til sýnis frá og með mánudeginum 10. júlí nk. til fimmtudagsins 31. ágúst 2017 og hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 7b í Reykjavík.

**Tillaga að nýju deiliskipulagi Edenreits í miðbæ Hveragerðis.**

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar samþykkti þann 6. júlí sl. að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi Edenreits, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið afmarkast til vesturs af Reykjamörk, til norðurs af Þelamörk, til austurs af Grænumörk og til suðurs af Austurmörk. Deiliskipulagstillagan felur í sér nýja íbúðarbyggð á lóðunum Austurmörk 25 (Edenlóðin) og Reykjamörk 2a. Á öðrum lóðum á svæðinu eru gerðir rúmir byggingarreitir og ákvæði m.a. um fjölda hæða og nýtingarhlutfall lóða. Á svæðinu verður áfram listaskáli að Austurmörk 21, leikhús að Austurmörk 23 og garðyrkjustöð að Þelamörk 52-54. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við tillögu að Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og er auglýst samhliða henni.

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Austurmörk, Sunnumörk og Mánamörk í Hveragerði.**

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar asamþykkti þann 6. júlí sl. að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Austurmörk, Sunnumörk og Mánamörk skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingarsvæðið afmarkast til vesturs af Breiðumörk, til norðurs af Austurmörk, til austurs af Grænumörk, sem síðar breytist í Austurmörk og til suðurs af Mána mörk sem liggur samsíða Suðurlandsvegi. Á svæðinu er í gildi deiliskipulag frá árinu 1997 með síðari breytingum. Í tillögunni felast breytingar s.s. á byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og byggingarskilmálum. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við tillögu að Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og er auglýst samhliða henni.

Ofangreindar tillögur liggja frammi á bæjarskrifstofunum að Sunnumörk 2 og eru til sýnis frá og með mánudeginum 10. júlí nk. til fimmtudagsins 31. ágúst 2017. Tillögurnar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Hveragerðisbæjar, www.hveragerdi.is.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar til föstudagsins 1. september 2017. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað á bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar að Sunnumörk 2 eða á netfangið gfb@hveragerdi.is.

*Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar*

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Hjúkrunarfræðingur óskast í 50% hlutastarf við Heilsugæsluna Lágmúla.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á atvinna@hglagmuli.is fyrir **20. júlí n.k.**

## Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði í Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ

VEGAGERÐIN

### Drög að tillögu að matsáætlun

Vegagerðin auglýsir hér drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vestfjarðavegi (60) um Dynjandisheiði og á Bíldudalsvegi (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði. Framkvæmdin er í sveitarfélögunum Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ.

Núverandi Vestfjarðavegur er 41,1 km langur en gert er ráð fyrir að nýr vegur verði 35,4-39,2 km langur, háð leiðarvali. Áætlanir eru um að meta umhverfisáhrif þriggja veglína, þ.e. A, B og C.

Núverandi Bíldudalsvegur er 29,1 km langur en gert er ráð fyrir að nýr vegur verði aðeins styttri.

Markmið framkvæmdarinnar er að opna heilsárshringveg um Vestfirði með því að bæta samgöngur um Vestfjarðaveg (60) milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða og um Bíldudalsveg (63) milli Bíldudals og Vestfjarðavegar. Gert er ráð fyrir að samgöngur á svæðinu verði áreiðanlegri og öruggari og að framkvæmdin hafi þar með jákvæð áhrif á samfélagið.

Drög að tillögu að matsáætlun eru kynnt á heimasíðu Vegagerðarinnar, ***http://www.vegagerdin.is/framkvaemdir/umhverfismat/matsaetlun/*** samkvæmt reglugerð 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Almenningur getur gert athugasemdir við áætlunina og er athugasemdafrestur til 31. júlí 2017. Athugasemdir skal senda með tölvupósti til ***helga.adalgeirsdottir@vegagerdin.is*** eða til Vegagerðarinnar, Miðhúsavegi 1, 600 Akureyri.

MOSFELLSBÆR

## Tillaga að deiliskipulagi og fjórar tillögur að breytingum á deiliskipulagi:

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirtalda tillögu að deiliskipulagi og skv. 1. mgr. 43.gr. sömu laga fjórar tillögur að breytingum á deiliskipulagi:

**Langihryggur í Mosfellsdal**
Um er að ræða nýtt deiliskipulag. Hugmyndin gengur út á að reisa einskonar "víkingaveröld" sem gæfi innsýn í það umhverfi sem menn bjuggu við á þjóðveldisöld (11. og 12. öld). Á lóðinni er gert ráð fyrir að rísi m.a. þjóðveldisbær, smiðja, stafkirkja, fjós og þingbúðir og ýmis konar önnur mannvirki, allt í fornum stíl.

**Deiliskipulag með Varmá frá Reykjalundarvegi að Húsadal, lóðin Bjarg**
Breytingin varðar eingöngu lóðina Bjarg og felst í því að heimil viðbygging stækkar úr 80 fm. í 400 fm. og hámarksbyggingarmagn er aukið úr 220 fm í 525 fm. Byggingarreitur breytist ekki.

**Hraðastaðir I, Mosfellsdal**
Breytingin felur í sér að lóðarmörkum lóðarinnar nr. 17 er breytt. Lóðin nr. 15 helst óbreytt.

**Laxatunga 41**
Breytingin felur í sér að byggingarreitur lóðarinnar er stækkaður til norð-vesturs um 3.8 metra. Gert er ráð fyrir tvöfaldri bílageymslu við norðvesturhlið á þegar byggðu einbýlishúsi. Bílageymslan verður grafin niður í landið og gerð eins lítið sýnileg í umhverfinu og mögulegt er. Stærð bílageymslu er 67.5 fm. Að öðru leyti gilda núverandi skilmálar.

**Gerplustræti 17-23**
Breytingin felur í sér að íbúðum í húsunum fjórum er fjölgað samtals úr 32 í 42. Bílastæði eru flutt aftur fyrir húsið norðamegin á lóðunum. Vestari byggingarreitur á lóð 17-19 færist til austurs um 1.5 metra. Austari byggingarreitur á lóð 21-23 færist til vesturs um 1.5 metra.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 8. júlí 2017 til og með 21. ágúst 2017, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni ***mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar***

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfells-bæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 21. ágúst 2017.

*8. júlí 2017, Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar, olafurm@mos.is*

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## Vinnum að sölu á þjónustuverkstæði / smiðju, sérhæft í smíði úr áli og stáli.

Stærstur hluti starfseminnar er þjónusta við olíufélögin við ýmisskonar smíði og þjónustu á tönkum og dælubúnaði olíubíla ásamt smíði fyrir einstaklinga og önnur fyrirtæki. Starfsemi fyrirtækisins er í 450fm húsnæði með 8 metra lofthæð, fimm metra háum gegnumkeyrsluhurðum og miklu útiplássi sem fæst leigt eða keypt með rekstrinum.

Við erum með kaupendur og fjárfesta að ýmsum gerðum fyrirtækja, við hvetjum fyrirtækjaeigendur sem eru í söluhugleiðingum til að hafa samband.

INVESTIS

Lækjargötu 2, 2. hæð | Sími 546 1100 | investis@investis.is

Reykjavíkurborg



Reykjavíkurborg býður til leigu vistheimilið að Víðinesi. Heildarstærð hússins er 2042,1 m2. Húsið var lagfært árið 2016 og var haldið í upprunalegar innréttingar og herbergjaskipan.
Vistheimilið samanstendur af þremur húsum sem eru tengd saman með göngum. Eitt hús er átveimur hæðum en hin eru á einni hæð. Samtals eru um 30 stór herbergi í húsinu ásamt þjónusturýmum og eldhúsi.
Húsið verður til sýnis miðvikudaginn 12. júlí milli kl. 14 og 15. Tilboðum ásamt upplýsingum um fyrirhugaða notkun skal skila fyrir kl. 12 þann 17. júlí merkt „Víðines leiga" í Borgartún 12-14 í móttöku Reykjavíkurborgar.

***Upplýsingar veitir Óli Jón Hertervig, netfang : oli.jon.hertervig@reykjavik.is***

## Auglýsing um próf til endurskoðunarstarfa

Með vísan til laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, er fyrirhugað að halda próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa í október 2017 sem hér segir:

**Fyrri hluti mánudaginn 9. október**
**Seinni hluti miðvikudaginn 11. október**

Prófin hefjast kl. 9 hvorn dag og standa til kl. 17.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 589/2009 um próf til löggildingar endurskoðunarstarfa.

**Próftökugjald er kr. 375.000.-**

Væntanlegir prófmenn skulu skila umsóknum fyrir miðvikudaginn 9. ágúst nk. til prófnefndar. Tilkynningar sendist formanni prófnefndar, Jóni Arnari Baldurs, Urðarbraut 9, 200 Kópavogi.

Tilkynningu skulu fylgja nafn prófmanns og kennitala, heimilisfang, tölvupóstfang og staðfesting um að fullnægt sé skilyrðum 4. og 6. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 79/2008. Próftakar fá þá sendan reikning fyrir prófgjaldinu sem ber að greiða fyrir 1. september n.k.

Prófnefndin mun boða til fundar með prófmönnum fyrir lok ágúst nk.

*Reykjavík 8. júlí 2017.*
***Prófnefnd löggiltra endurskoðenda***

Landsvirkjun

### Útboð nr. 20257

## Gufustöðin Bjarnarflagi BJA-85 Endurbætur á byggingu

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í endurbætur á gömlu gufustöðinni í Bjarnarflagi í samræmi við útboðsgögn nr. 20257.

Verkið felst í breytingum innanhús á stöðvarhúsi, uppsteypu á vélaundirstöðu og rafbúnaðarrými, niðursetningu á forsteyptum undirstöðum og strengjastiga, auk allrar nauðsynlegrar jarðvinnu og annarrar vinnu sem tiltekið er og lýst í útboðsgögnum þessum.

**Verklok eru 15. apríl 2018.**

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar, ***http://utbod.lv.is***

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, fyrir klukkan 12:00 þriðjudaginn 1. ágúst 2017 þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA

## ÚTBOÐ

### HJÓLREIÐA- OG GÖNGUSTÍGUR, EYJAFJARÐARSVEIT 1. ÁFANGI

Eyjafjarðarsveit óskar eftir tilboðum í verkið Hjólreiða- og göngustígur í Eyjafjarðarsveit. Verkið felur í sér lagningu 7.200 metra hjólreiða- og göngustíg, frá bæjarmörkum Akureyrar að Hrafnagili, ásamt lengingu stálröraræsa, endurnýjun og gerð nýrra ræsa undir stíg og lagfæringar á girðingum.

**Nokkrar magntölur:**

| | |
|---|---|
| - Gröftur: | 7.000 m³ |
| - Efra burðarlag: | 10.700 m³ |
| - Neðra burðarlag: | 12.700 m³ |
| - Girðingar: | 1.700 m |

**Verklok eru 1. desember 2017.**

Útboðsgögn verða afhent með rafrænum hætti. Þeir sem óska eftir útboðsgögnum sendi beiðni á tölvupóstfangið esveit@esveit.is ásamt nafni, heimilisfangi og síma.

**Kynningarfundur fyrir verktaka verður á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar mánudaginn 17. júlí 2017, kl. 11:00**

Tilboðum skal skila á Skrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9, 601 Akureyri fyrir kl.11:00, 31. júlí 2017, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

***Skrifstofa Eyjafjarðarsveitar***



# HÍBÝLI
FASTEIGNASALA

Kringlan 4-6, 103 Reykjavík - hibyli.is - hibyli@hibyli.is - Sími: 585 8800


Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.


Þórður S. Ólafsson, löggiltur fasteignasali.


Ólafur Már Ólafsson, löggiltur fasteignasali.


Björg Ágústsdóttir, skrifstofa




## Hæðargarður 29, 108 Reykjavík

**Opið hús laugardag 8. júlí frá 13:00 til 13:30**



**Falleg og björt þriggja herbergja endaíbúð á fjórðu hæð með skjólgóðum suðursvölum í góðu og eftirsóttu fjölbýlishúsi með lyftu fyrir eldri borgara, 60 ára og eldri, við Hæðargarð í Reykjavík.** Íbúðin skiptist í forstofu með fataskáp og parketi á gólfi. Baðherbergi er með sturtuklefa, hvítri innréttingu og tengi fyrir þvottavél. Rúmgott svefnherbergi með parketi og miklum fataskápum. Rúmgóð stofa er opin við eldhús, útgengi á skjólgóðar suðursvalir. Eldhús er með hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Sjónvarpsherbergi Geymsla er innan íbúðar. Félagsmiðstöð eldri borgara er rekin i næsta húsi. Þar er hægt að fá hádegismat virka daga svo og aðra þjónustu sem borgin býður upp á. **Verð 45 millj.**




## Seljavegur 2a – 107 Reykjavík

**Opið hús mánudag 10. júlí frá kl 17:15 til 17:45**



**Falleg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð á 1.hæð á góðum stað í vesturbænum.** Íbúðin skiptist í hol með parketi á gólfi, samliggjandi bjarta setustofa/borðstofu með parketi á gólfi. Eldhús er með viðarinnréttingu, flotuðu gólfi, borðkrók og glugga. Rúmgott hjónaherbergi með fataskápum. Svefnherbergi með flotuðu gólfi og fatahengi. Flísalagt baðherbergi með litlu baðkari og sturtu. Sameiginlegt þvottahús í kjallara. Stór geymsla í kjallara fylgir íbúðinni, parket á gólfi, gluggi. Stutt í skóla, leikskóla, verslun og þjónustu. Göngufæri við miðborgina. **Verð 44,9**




## Barónsstígur 65 – 101 Reykjavík

**Opið hús þriðjudag 16:45 til 17:15**

**Glæsileg og mikið endurnýjuð íbúð á efstu hæð með miklu útsýni, á eftirsóttum stað við Skólavörðuholtið.** Íbúðin skiptist í stóra stofu með fallegu útsýni, opna við eldhús. Eldhús er með endurnýjaðri innréttingu, gluggar á tvo vegu, útgengi á svalir. Rúmgott hjónaherbergi sem var áður tvö barnaherbergi. Barnaherbergi sem væri unnt að opna við stofu, vængjahurð með frönskum gluggum. Flísalagt baðherbergi með hvítri innréttingu. Í holi við inngang er skápur með fatahengi og hillum. Nýlagt eikarparket er á allri íbúðinni nema baðherbergi sem er flísalagt. Í kjallara fylgir parketlagt íbúðarherbergi með aðgangi að sameiginlegri snyrtingu. Herbergið hentar til útleigu og gefur ágæta tekjumöguleika. Sérgeymsla í kjallara og lítil geymsla í útiskúr. **Afar falleg íbúð á góðum stað í miðborginni. Verð 53,5 millj.**

## Boðagrandi 2a – 107 Rvk.



**Mjög falleg og vel skipulögð íbúð á jarðhæð með tveimur afgirtum veröndum og stæði í bílageymslu í nýlegu lyftuhúsi á eftirsóttum stað í vesturbænum.** Íbúðin skiptist í flísalagða forstofu með fataskápum, stóra stofu opna við borðstofu með útgengi á verönd, eldhús. Svefnherbergisgangur er með parketlögðu holi, tvö rúmgóðum svefnherbergjum bæði með fastaskápum og fallega innréttuðu baðherbergi með hornbaðkari. Þvottahús er innan íbúðar, þar er búið að koma fyrir sturtuklefa og upphengdu salerni. Stór geymsla í kjallara og sér bílastæði í lokaðri bílageymslu. **Verð 52,9 millj.**

## Fróðaþing 3 – 203 Kópavogur.



**Glæsilegt einbýlishús á þremur hæðum við Fróðaþing í Kópavogi, samtals að gólfleti 452,4 fm** - Möguleiki á að útbúa aukaíbúð á jarðhæð. Á neðri hæð er flísalögð forstofa með fataskápum, innangengt í rúmgóðan bílskúr með gluggum og hefðbundinni inngönguhurð. Gestasalerni við forstofu. Stórt eldhús með vandaðri innréttingu og útgengi á timburpall, stór stofa opin við borðstofu. Þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Á efri hæð er sjónvarpshol, hjónaherbergi með baðherbergi og fataherbergi inn af. 3 barnaherbergi, vinnuherbergi, baðherbergi og þvottahús. Kjallarinn sem er fullfrágenginn skiptist í stórt og opið rými með harðparketi á gólfi. Í kjallara er einnig stór geymsla. **Verð: Tilboð**

## Blöndubakki 10,– 109 Rvk.



**Góð 3ja herbergja útsýnisíbúð ásamt aukaherbergi með útleigumöguleika í vel staðsettu fjölbýlishúsi í Blöndubakka. Eignin er samtals 111,7 fm.** Forstofa með fataskápum, stofa/borðstofa með útgengi á svalir með miklu útsýni. Hjónaherbergi með fataskápum, barnaherbergi með fataskáp. Flísalagt baðherbergi með tengi fyrir þvottavél. Í kjallara fylgir íbúðinni 12,3 fm herbergi með aðgengi að baðherbergi með sturtu, herbergið hentar vel til útleigu. Sameiginlegt þvottahús í kjallara. Í kjallara fylgir einnig geymsla. **Verð 37,9 millj.**

---

**LIND** FASTEIGNASALA / **510 7900** Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



## Verslun/Skólavörðust.

101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 68,6 fm
FÆST AFHENT STRAX

**Til sölu verslun á besta stað á Skólavörðustíg. Verslunin er tæpir 70 fm. Lager og góður leigusamningur fylgir sem gildir til 2024 með forleigurétt. Hægt er að kaupa, verslun lager og leigusamning eða einungis bara leigusamning.**



*Heyrumst*
**Gunnar Valsson**
Sölufulltrúi
› 699 3702
› gunnar@fastlind.is



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 699 5008
› hannes@fastlind.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

---




---

**LIND** FASTEIGNASALA / **510 7900** Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is







## Skúlagata 10/Sælukot

340 STYKKISHÓLMUR

STÆRÐ: 37 FM EINBÝLI HERB: 2

GULLEGG í Stykkishólmi.
www.airbnb.com. Slærð inn Stykkishólmur og færð þar upp nokkrar eignir. Ein þeirra heitir Sælukot, Skúlagata 10, yndislegt lítið hús ásamt litlu útihúsi sem er fyrir dót sem fylgir rekstrinum. Sjá myndir – allt innbú fylgir, húsið er nýuppgert, hiti í gólfum, ris, salerni. Mjög rómantískt gamaldags sem klárlega selur það svona vel, eins og raun ber vitni. Sælukot er með öll leyfi sem fylgja húsinu, ásamt 4 og hálfum stjörnum sem eru topp meðmæli þeirra sem heimsækja. Stykkishólmur er einn vinsælasti ferðamannastaðurinn á öllu landinu og er þá sérstaklega verið að tala um úteyjarnar Breiðafjörðinn – Ferjuna og Flatey en þangað streyma menn. Húsið er uppbókað 365 daga á ári, hending ef eitthvað dettur út en þá leigist það strax aftur.

**39.900.000 KR**



*Heyrumst*
**Stefán Jarl Martin**
Löggiltur leigumiðlari
Sölufulltrúi
› 892 9966
› stefan@fastlind.is



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 510 7900
› hannes@fastlind.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

TRAUSTI fasteignasala

**VIÐ ERUM TRAUSTI**



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

**Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir**
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929

**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

**Hákon Guðmundsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala.
S: 861-9240

**Einar P. Pálsson**
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392

**Guðbjörg Matthíasdóttir.**
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984

**Sólveig Regína Biard**
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 869-4879

**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985

**Bára Daníelsdóttir**
Skrifstofustjóri
S: 693-1837

**Gylfi Jens Gylfason**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124

**Garðar Kjartansson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779




## Sjávargrund 8 – 210 Garðabær

**Opið hús í dag kl. 15:00 – 15:30**
Mjög gott 6 herbergja raðhús á þremur hæðum á góðum stað í Garðabænum. Eignin er skráð 191,40 fm. þar af er innangengt úr íbúðinni í bílastæði í bílskýli 20,5 fm. 4 rúmgóð svefnherbergi. Tvö baðherbergi. **Verð: 64,3 millj.**




## Rekagrandi 3 - 107 Reykjavík

**Opið hús þriðjudaginn 11. júlí kl. 17:00 – 17:30**
Vel skipulögð og björt 51,9 fm. 2ja herb. íbúð á 2.hæð. Gengið er inn frá bílastæði. Sérgeymsla fylgir eigninni sem ekki er inni í fermetratölu íbúðar. Einnig er 26,7 fm. bílastæði í lokaðri bílageymslu. **Verð: 29,9 millj.**




## Hofsvallagata 18 - 101 Reykjavík

**Opið hús þriðjudaginn 11. júlí kl. 17:45 – 18:15**
Björt og rúmgóð 3ja herb. íbúð í góðu og snyrtilegu fjölbýli á 1. hæð. Stór herbergi og stofa. Eldhús er rúmgott með góðri eldhúsinnréttingu. Baðherbergi með glugga. Snyrtileg sameign.
**Verð: 38,5 millj.**




## Ársalir 1 - 201 Kópavogur

**Opið hús miðvikudaginn 12. júlí kl. 17:30 – 18:00**
Rúmgóð og snyrtileg 4ra herb. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin er öll mjög rúmgóð með þvottahús innan íbúðar. Yfirbyggðar svalir. Húsið er klætt að utan og sameign er mjög snyrtileg.
**Verð: 48,9 millj.**



## Arnarklettur 30 - 310 Borgarnes

Falleg og björt 4ra herbergja 109 fm. íbúð í lyftublokk með sérinngangi. Suður svalir.
Vel staðsett eign með fallegu útsýni.
**Verð: 30,9 millj.**



## Kleppsvegur 120 - 104 Reykjavík

Vel staðsett 3-4 herb. 87,6 fm. íbúð á 4. hæð í fjölbýli með mikla möguleika.
Íbúðin er upprunalega skipulögð sem 4ra herb. Áhugaverð eign fyrir laghenta.
**Verð: 35,9 millj.**



## Bjarkardalur 33 - 260 Reykjanesbær

Góð 98,9 fm. 3ja herb. endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi í nýlegu fjölbýli.
Rúmgóð herbergi með góðum skápum. Útgengt út á einkaverönd frá hjónaherbergi.
Stofa og eldhús eru samliggjandi.
**Verð: 29,9 millj.**




## Bitra Flóahreppi - Ferðaþjónusta

Jörðin Bitra í Flóahreppi er staðsett við Þjóðveg 1, u.þ.b. 15 km. austan við Selfoss.
Húsið er með 17 gistiherbergjum, er 581 fm að stærð og stendur á 5 ha. lóð auk þess er u.þ.b. 100 ha. lands á láglendi. Í húsinu er einnig stórt eldhús, borðsalur, setustofa og sameiginleg aðstaða fyrir gesti. Möguleiki er á fjölgun gistirýma og eins að festa kaup á stærra landi, ósnortnum ferksvatnsréttindum etc .. Bókunarstaða fyrir gistingu fyrir 2017 er mjög góð.
**Tilboð óskast.**

**Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík**

Fasteignasalan
# GARÐUR
562-1200



Sveinbjörn Halldórsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 892-2916
sveinbjorn@fastgardur.is



Halldór Freyr Sveinbjörnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími: 693-2916
halldor@fastgardur.is

Skipholt 5 - 105 - Reykjavík - www.fastgardur.is

---

Atvinnueign Fasteignamiðlun

Halldór Már Sverrisson
Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari
898 5599
halldor@atvinnueign.is



## SKÚTUVOGUR - 104 RVK

**Til leigu** 100 fm björt skrifstofuhæð á 2. hæð að Skútuvogi. Rýmið skiptist í opið bjart rými, stórt skrifstofuherbergi/fundarherbergi, eldhúsaðstaða og salernisaðstaða. Góður steyptur stigi upp á 2. hæð. Næg bílastæði. Vel staðsett í alfaraleið **. VSK - húsnæði.**

Atvinnueign - Síðumúla 13, 108 Rvk. - 577 5500 - www.atvinnueign.is

---

# Eignatorg

## Lækjarmelur 8 - Geymsluhúsnæði



Eignatorg kynnir: Lækjarmelur 8 - Vandað og afar snyrtilegt 134,7 fm. geymsluhúsnæði með millilofti. Um er að ræða endabil með gluggum til vesturs. Stór innkeyrsluhurð. Afar snyrtileg lóð. Húsið er stálgrindarhús, klætt með yleiningum. **Verð 28,5 m.**
**Eignin getur verið laus og til afhendingar fljótlega.**

**Allar nánari uppl. veitir Björgvin Guðjónsson lögg. fast.í s: 510-3500 / 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is**

**Eignatorg fasteignasala Skipholt 50b, 105 Reykjavík**

---

ÞINGHOLT FASTEIGNASALA
Viðar Marinósson
Löggiltur fasteignasali

Ísak
Sölustjóri
gsm 822 5588
isak@tingholt.is

Viðar
Lögg. fasteignasali
vidar@tingholt.is

## KLEPPSVEGUR 54 – REYKJAVÍK




**OPIÐ HÚS
MÁNUD. 10. JÚLÍ
KL. 17:30 TIL 18:00**

Í einkasölu 95,9 fm 4. herbergja íbúð á 1. Hæð, einn stigi upp. Hér er um að ræða sjarmerandi íbúð á vinsælum stað. Herbergi í risi 9,3 fm. með sameiginlegu salerni. Stutt í skóla, leikskóla, sundlaug og alla almenna þjónustu. **LAUS VIÐ KAUPSAMNING. Verð 39.5 m**

## VÍÐIMELUR 50 - REYKJAVÍK




**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD.
11 JÚLÍ
KL. 17:30 TIL 18:00**

Í einkasölu 88,8 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð ( miðhæð) á vinsælum stað í Vesturbænum. Róleg gata og mjög stutt í skóla, leikskóla, sundlaug og alla almenna þjónustu.
Eign sem vert er að skoða.
**LAUS VIÐ KAUPSAMNING. Verð 40.9 m**

## ÚTEY, SUMARHÚSALÓÐ Í BLÁSKÓGABYGGÐ

Náttúrulegur gróður er á lóðinni. Útsýnið er fallegt í allar áttir. Lóðin er eignarlóð á skipulögðu sumarhúsasvæði. Heitt og kalt vatn er á svæðinu. Búið er að leggja rafmagn ásamt heitu og köldu vatni á svæðinu. Lóðin er 4.920 fm. **Verð 2,9 m**

**Allar nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Ísak V. Jóhannsson sölustjóri sími: 822-5588 isak@tingholt.is**

Bæjarlind 14 | 201 Kópavogur | 512 3600 | tingholt.is

---

# Til leigu: Einbýlishús í vesturbænum!

Til leigu fyrir vandláta eitt af glæsilegustu húsum höfuðborgarinnar sem er 290 fm einbýlishús á besta stað í vesturbænum, leigist í langtímaleigu og er laust nú þegar.

Eingöngu traustir leigutakar koma til greina, 6 – 8 svefnherbergi, 2-3 stofur, 4 baðherbergi, nett gym í kjallaranum með hlaupabretti og róðrarvél. Glæsilegar stofur, arin í aðalstofu, tv í flestum herbergjum, upphitað plan.
Heitur pottur og glæsileg lóð. Þetta er afar einstök eign með útsýni m.a. til Bessastaða.

***Allar nánari upplýsingar veitir Kristberg Snjólfsson í síma 8921931***

---

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Eggert Ólafsson
lögg. fast.
s. 893 1819
eggert@fasteignasalan.is

## Miðleiti 1 Bjalla 5C - 103 Rvk.

**Opið hús fimmtudag 13. júlí kl. 17:30 – 18:00**




**MIKIÐ ENDURNÝJUÐ ÍBÚÐ – EKKI ÞARF AÐ GANGA TRÖPPUR TIL ÍBÚÐAR.** Falleg og nær algjörlega endurnýjuð 3ja herb. íbúð á 5. hæð, ásamt stæði í bílageymslu, í góðu lyftuhúsi. Eignin er samtals 126,6 fm. Vandað var til vals á efni þegar íbúðin var endurnýjuð árið 2012. Sérsmíðaðar innréttingar. Sérlega vel um gengin eign. Stórar flísalagðar suðursvalir. Tvær geymslur. Gott útsýni. Laus fljótlega. Engin lán eru áhvílandi. Staðsetning er miðsvæðis í Reykjavík.
**Verð: 52,9 millj.**
**Allar nánari uppl. veitir: Eggert Ólafsson, löggiltur fasteignasali S: 893 1819, eggert@fasteignasalan.is**

---

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

# 535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali

**AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR**
B.E.d.
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2495

**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari

**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON**
Lögfræðingur,
Aðstm. fasteignasala
GSM 660 4777

**HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR**
Lögfræðingur B.A.,
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 4242

**EDWIN ÁRNASON**
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2121

**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149

**JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166

**MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR**
Skrifstofustjóri,
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966

**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663-2508

**EINAR S. VALDIMARSSON**
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314

MIKIL SALA – MIKIÐ ÚRVAL NÝBYGGINGA TIL SÖLU – FRÍTT SÖLUVERÐMAT – HRINGDU NÚNA

# Smellinn

## forsteyptar einingar frá BM Vallá í flestar gerðir húsa





Snjall, traustur og fljótlegur kostur fyrir byggingaraðila. Styttri byggingartími og hagkvæm byggingaraðferð sem hentar flestum gerðum húsa. Það kemur mörgum á óvart hversu fjölbreytt framleiðsla okkar er og hvers við erum megnug.

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF. ÍST ISO 9001

Þú getur treyst á gæðin og reynslumiklir sölumenn okkar aðstoða með ánægju í síma 412 5050 eða á sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ
bmvalla.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 172931



Magnús H. Ólafsson, arkitekt hjá Markstofu, Sigurjón Þórhallsson, sölumaður Byko Rammahúsa, og Guðlaugur I. Maríasson, starfsmaður Markstofu. Hér standa þeir fyrir framan sýningarhús Rammahúsa á lóð BYKO í Breidd. MYND/VILHELM



140 Rammahús hafa verið seld frá því verkefnið fór af stað.



Séð inn í sýningarhús BYKO í Breidd.



Rammahúsin nýtast vel fyrir ferðaþjónustuna.

# Rammahús – hagkvæm leið til að byggja timburhús

Rammahús BYKO eru timburhús sem framleidd eru eftir ströngustu gæðakröfum. Þau eru forsniðin og að hluta sett saman í verksmiðju. Rammahúsin má fá í ýmsum stærðum og þau henta vel sem frístundahús, ferðaþjónustuhús, íbúðarhús, veiðihús og sjálfstæðar kennslustofur.

Upphaflega hugmyndin að Rammahúsunum var að finna hagkvæma lausn á timburhúsum, sem gætu komið í stað bjálkahúsa sem eru óraunhæfur kostur á Íslandi,“ segir Sigurjón Þórhallsson, sölumaður BYKO Rammahúsa. Hönnuður húsanna er Magnús H. Ólafsson arkitekt FAÍ, hjá Markstofu ehf, sem er mjög reyndur hönnuður á sviði verksmiðjuframleiddra húsa.

„Þróun húsanna hófst árið 2009 en tveimur árum síðar kom BYKO að verkefninu enda leist okkur mjög vel á það,“ segir Sigurjón.

„Á sumarmánuðum 2011 fór fram mikil þróunarvinna til að samræma framleiðslu á Römmum með tilliti til burðarþols og eftir að ný byggingareglugerð var kynnt 2012 voru Rammarnir endurhannaðir algerlega með tilliti til hennar,“ lýsir Sigurjón en í dag eru allir burðarviðir í Rammahúsum forsniðnir, boraðir og að hluta samsettir í verksmiðju BYKO í Lettlandi og koma þannig til landsins. „Tölvustýrðar vélar eru í verksmiðjunni og nákvæmnin því mikil.“

## Til í öllum stærðum

Sigurjón segir áhugann á Rammahúsunum hafa verið nokkuð jafnan í gegnum árin. Í allt hafa 140 slík hús verið seld og á þessu ári hafa þegar verið seld 20 slík hús af ýmsum stærðum. „Hagkvæmni Rammahúsa felst í að viðskiptavinur kaupir „pakka“ þar sem allt er innifalið; hönnun, framlagning gagna og allt efni til byggingarinnar,“ útskýrir Sigurjón.






Teikning af fjórum íbúðum saman í klasa.

Rammahús má fá af mörgum stærðum og gerðum. Hér eru fjórar íbúðir á einni lóð.

En hvernig húsum er fólk helst að leita að? „Það er afar misjafnt, allt frá sumar- og íbúðarhúsum til ferðaþjónustu- og þjónustuhúsa og lausra kennslustofa,“ svarar Sigurjón. Hann bendir á að minnsta Rammahúsið sé 7 m² snyrting á golfvelli Leynis á Akranesi og stærsta húsið 343 m² leikskóli í Mosfellsbæ.

## Vel skilgreint ferli

Þegar væntanlegur viðskiptavinur hefur samband við sölumenn BYKO vegna kaupa á Rammahúsi þarf hann að byrja á því að fylla út eyðublað þar sem fram koma ýmsar upplýsingar á borð við lóðarheiti, landnúmer, sveitarfélag og svo framvegis. Einnig þarf að tilgreina samþykkt deiliskipulags lóðar eða lands og tegund byggingar og stærð. Engar tillögur eru gerðar nema fyrir liggi deiliskipulag af lóð eða ákvæði í aðalskipulagi um að byggja megi hús.

„Innifalin í kaupsamningi við BYKO er tillaga að Rammahúsi og ein breytingartillaga en fyrir frekari hönnunarvinnu er greitt sérstaklega,“ lýsir Sigurjón en vegna mikilla möguleika á útfærslum er ekki til eitt verð heldur fer það eftir stærð hússins og fleiri þáttum. „Viðskiptavinurinn getur til dæmis ráðið mjög miklu um efnisval, þar með talið klæðningu að utan sem innan.“ 15% staðfestingargjald er greitt við undirritun kaupsamnings en innifalið í kaupsamningi eru allar aðal- og sérteikningar aðalhönnuðar svo og burðarþolsteikningar og umsókn um byggingarleyfi ásamt nauðsynlegum gögnum.

„Viðskiptavinur þarf að sjá um alla lagnahönnun og gerð undirstaða vegna þess að aðstæður eru mismunandi á hverjum stað. Þegar allar teikningar liggja fyrir eru þær sendar til viðkomandi byggingarfulltrúa ásamt skráningartöflu,“ útskýrir Sigurjón.

Er mikið mál að byggja Rammahús? „Það er enginn munur á að byggja Rammahús og önnur timburhús en byggjandi skal fara eftir ákvæðum byggingarreglugerðar um ábyrgðir iðnmeistara og byggingarstjóra. Við hjá BYKO erum með nokkra aðila sem við getum bent á varðandi uppsetningu en að öðru leyti komum við eingöngu að sölu efnispakkanna.“

Nánari upplýsingar veita sölumenn timburverslunar BYKO í síma 515-4000 eða með tölvupósti á serlausnir@byko.is.



## Samfélög í smáhýsum

Draumurinn um stórt hús í úthverfi hefur lengi fylgt Bandaríkjunum, því stærra því betra. Draumurinn verður þó æ fjarlægari eftir því sem húsaverð og kostnaður hækkar. Því hefur það gerst hægt og rólega að hugmyndir ungra Bandaríkjamanna eru að breytast. Þannig hafa til að mynda orðið til heilu samfélögin og hverfin þar sem lögð er áhersla á lítil heimili þar sem hagkvæmni og nægjusemi er látin ráða. Hér eru nokkur dæmi um slík samfélög:

### Bestie Row

Fern vinahjón ákváðu einn daginn að segja skilið við gamlan lífsstíl sinn og byggja í sameiningu lítil umhverfisvæn hús í Llano í Texas. Hver fjölskylda hefur yfir að ráða um 40 fm húsi en sameiginlegt 140 fm útisvæði er notað til að elda saman og halda veislur.

### Dignity Village

Vandi heimilislausra fer sífellt stækkandi. Dignity Village í Portland var í upphafi tjaldborg sem var reist til að vekja athygli á slæmri meðferð á heimilislausum í borginni. Árið 2003 voru reist lítil hús í stað tjaldanna þar sem heimilislausir gátu átt sitt heimili.

### Orlando Lakefront

Orlando Lakefront er svæði með litlum húsum og húsbílum. Í samfélaginu eru 13 smáhýsi og 50 pláss undir húsbíla.



Bestie Row.

## Lítil rými geta verið stærri

Þegar innrétta á litla sumarbústaði er eitt og annað sem gott er að hafa í huga. Góð hugmynd er að hafa hurðir með gleri í staðinn fyrir þær hefðbundnu, það stækkar rýmið og hleypir birtunni inn.

Annað gott ráð til að stækka rýmið er að hafa stóran spegil, til dæmis sem stendur á gólfinu og nær upp eftir veggnum. Rýmið stækkar til muna við þessa litlu breytingu.

Sólin lýsir upp umhverfi og stækkar það um leið. Þess vegna ættu að vera stórir gluggar á sumarbústöðum, sérstaklega út á veröndina. Gluggatjöld ættu að vera óþörf.

Áríðandi er að velja ekki of stór húsgögn í lítið rými. Sófasett ætti til dæmis ekki að vera mjög þunglamalegt, betra er að velja léttari húsgögn, til dæmis í skandinavískum stíl. Ef hægt er að koma því við er betra að hafa húsgögn frístandandi heldur en upp við vegg.

Veggi ætti að mála í ljósum litum. Það er allt í góðu lagi að mála einn og einn vegg í lit en ljósari litir stækka rýmið. Ágætt er að nýta lofthæðina og setja hillur og skápa ofarlega á vegginn til að geyma hluti sem annars eru lítið notaðir, sérstaklega í svefnherberginu.



## Útsjónarsamur mínímalisti

Bandaríski arkitektinn Luke Clark Tyler vakti athygli fyrir nokkru á YouTube fyrir að hafa komið sér vel fyrir í einungis 7,2 fermetra íbúð á Manhattan. Með útsjónarsemi og mímímalískan lífsstíl að leiðarljósi innréttaði hann íbúðina og kom fyrir rúmi, sófa skrifborði, hirslum og ísskáp. Vatn þurfti hann að sækja á baðherbergi frammi á gangi. Þetta var þó ekki hans fyrsta smáíbúð, hann bjó áður í heilum 9 fermetrum og hafði því minnkað talsvert við sig. 9 fermetra íbúðin var innréttuð á svipaðan máta, einbreitt rúmið féll niður úr veggnum eins og hilla og undir því var þriggja sæta sófi. Miðsætinu í sófanum mátti snúa við og breyta í lítið borð. Á vegg kom hann fyrir hillum og skrifborði og í öðrum enda íbúðarinnar var pínulítill vaskur og ísskápur, ofan á ísskápnum voru eldavélahellur og yfir þeim vinnuborð á hjólum sem hann dró fram til að elda.

Myndir af íbúðinni má sjá á www.villagevoice.com.



# Vönduð hús á góðu verði

## Nýlega opnaði Húsasmiðjan glæsilega fagmannaverslun og timbursölu að Kjalarvogi 12-14 en þar er boðið upp á glæsileg einingahús frá Seve.



Hér er dæmi um 147 fermetra einbýlishús með 4 svefnherbergjum. Húsið fæst afhent frá Húsasmiðjunni tilbúið til uppsetningar á eigin grunn fyrir aðeins 12.350.00 kr. Uppsett tilbúið fyrir spörslun og málningu en án vatns- og hitalagna kostar það aðeins rúmlega 19,8 milljónir.

Seve er eitt af stærstu fyrirtækjum í einingahúsaframleiðslu í Eistlandi. Húsin eru á mjög hagstæðu verði en í Noregi má sjá um það bil átta hundruð slík hús af öllum stærðum og gerðum. Þá hafa húsin verið seld til Finnlands, Svíþjóðar og Sviss, að því er Ingvar Skúlason, ráðgjafi á fagsölusviði Húsasmiðjunnar, upplýsir.

„Húsasmiðjan hefur starfað í framleiðslu og sölu einingahúsa í meira en sextíu ár. Við byggjum því á gömlum grunni. Nýlega tókum við upp samstarf við Seve í Eistlandi en þeir hafa áratuga reynslu í framleiðslu einingahúsa. Þetta eru íbúðarhús, parhús, smáhýsi og í rauninni einingahús af öllum stærðum og gerðum. Nefna má leikskóla, grunnskóla ásamt alls kyns húsum sem henta vel í ferðaþjónustu,“ segir Ingvar.

### Fyrstu húsin risin á Íslandi

Nýlega risu fyrstu húsin á Íslandi í Hrífunesi, skammt frá Vík í Mýrdal. Það sem vakti mesta athygli var hve byggingarkostnaðurinn var hagstæður og byggingarhraðinn ótrúlegur.

„Það var byrjað að grafa grunn fyrir fjórum húsum þar í byrjun mars og þau voru fullbúin í byrjun júní. Aðeins tók fjórtán vikur frá því að byggingaframkvæmdir hófust þar til hægt var að afhenda húsin. Þetta eru allt fullbúin einbýlishús af stærðinni 120-145 fermetrar. Einkennandi fyrir þessi hús er byggingarhraðinn ásamt því að húsin eru fagmannlega unnin og má þakka það gæðakerfi framleiðandans og góðu skipulagi við verklegar framkvæmdir. Húsin eru mjög vel einangruð, í samræmi við kröfur til einangrunar húsa í Noregi, enda hitunarkostnaður hærri þar en á Íslandi.

### Ódýr og vönduð hús

„Einingahúsin eru ódýr en vandaður byggingamáti. Með því að velja þessa leið styttir húsbyggjandinn byggingartímann til muna og lækkar fjármagnskostnað. Þegar keypt er hús af Húsasmiðjunni þá er kaupandanum boðið að kaupa annan búnað sem þarf til að fullgera húsið með afslætti hjá Húsasmiðjunni, þetta getur sparað verulegar upphæðir þar sem Húsasmiðjan selur m.a. baðtæki, innréttingar, hurðir, gólfefni, hreinlætistæki og heimilistæki. Húsin er hægt að fá afhent á þremur byggingarstigum. Á fyrsta byggingarstigi eru einingar út- og innveggja afhentar. Á öðru byggingarstigi er húsinu skilað fullbúnu að utan. Á þriðja byggingarstigi er húsinu skilað tilbúnu undir spörslun og málun að innan, án vatns- og raflagna.“ Afgreiðslutími er stuttur og húsin eru fljótleg í uppsetningu. Hægt er að velja um margvíslegar utanhússklæðningar hjá Húsasmiðjunni.

Sérfræðingar hjá Húsasmiðjunni ráðleggja kaupendum um hvernig hús hentar best, miðað við hönnun að innan, herbergjastærð og fleira. „Hægt er að breyta hönnun innanhúss á meðan ekki eru gerðar breytingar á burðarvirki hússins. Húsin henta vel íslenskum aðstæðum og standast allar byggingakröfur. Þetta er falleg hönnun, einföld og skemmtileg,“ segir Ingvar.

„Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á þessum einingahúsum. Margir eru þegar búnir að panta hús og eru með teikningar hjá skipulagsyfirvöldum til samþykktar. Þessi hús munu rísa hér á höfuðborgarsvæðinu og víða um landið. Jafnframt erum við með sumarbústaði úr stöðluðum einingum og sérhönnuð hús. Hér er um að ræða frábær hús sem gott er að búa í,“ segir Ingvar.

„Við erum líka að bjóða margs konar lausnir fyrir ferðaþjónustuna, þar er um að ræða hús sem eru 22-30 fermetrar. Þetta eru einingahús þar sem hægt er að koma fyrir gistirými, snyrtingu og eldunaraðstöðu,“ segir Ingvar.

Frekari upplýsingar um Seve einingahúsin, stálgrindarhús, krosslímd einingahús, svalalokanir og fleira tengt húsbyggingum má fá hjá Ingvari Skúlasyni, s: 660-3087, ingvar@husa.is á fagsviði í Kjalarvogi þar sem veitt er fagleg og persónuleg þjónusta. Einnig er hægt að skoða heimasíðuna: husa.is.









Einingahúsin er hægt að fá í öllum stærðum og gerðum.





Hægt er að innrétta húsin að eigin smekk.



Kaupendur geta ráðið herbergjastærð eða -fjölda. Margir möguleikar eru í boði.

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



**ÓDÝR-SJÁLFSKIPTUR !**
Renault Captur Dynamic 03/2014 sjálfskiptur ek 47 þ.km verð 2.190 þús !!! Er á staðnum

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



Audi A6 New 2006 Sjálfsskiptur, ekinn 144 þús. 2.4 L vél Tveir eigendur - litur mjög vel út. Lækkað verð: 1.590.000 kr. - allt að 100% lán til 36 mánaða. Nánari upplýsingar í síma 552-6000



**FORD TRANSIT '11 - JUMBO TIL SÖLU.**
Langur, Háþekja, Diesel, ek. aðeins 99 Þ. Km. Stór og glæsilegur með mikla möguleika. Verð aðeins 2.650 m. kr. Vel með farinn dekurbíll. S. 868-3144



Bens GLC 350e árg 2017 Plugin hybrid Ekinn 4400km. Verð 8.5 m. Uppl. í s. 6901731.



Til sölu Nissan Almera árg. 2005 ekinn 113 þús. km. Tilboðsverð 300 þús.



Volvo V60 D2 2013, ekinn 129þ km bsk, dísel, topp eintak,enginn skipti staðgreitt 2.380.000, áhvílandi 1.830þ afb 36þ 8662243



Til sölu Bens ML 350 árg. 2006 keyrður 198 þús. Vel með farin. Uppl. veitir Halldor í s: 898 5599

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólhýsi



Hobby Premium 695vip 2014. Verð 5,3m. Uppl.í s.7725300 Flottasta Hobby húsið á landinu!

## Húsbílar



Ford Transit - árg. 2011, ekinn 73 þ.km. Markisa, TV loftnet, cruisecontrol, 7 manna bíll, afturdrifinn. Verð 6.490 þús. Eigandinn er á ferðinni á bílnum og getur sýnt hann hvar sem er á landinu í næstu viku. Uppl. í síma 522-2222 - Vagnahollin.is

## Fellihýsi



Viking fekkihýsi til sölu árg. 1999 í góðu ásigkomulagi, með fortjaldi, gashitara, eldavél og wc. Verð 300 þús. Upplýsingar í síma 8640101.



**TOYOTA Rav4**
**Árgerð 2012, ekinn 98 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, krókur.**
**Verð 2.990.000. Rnr.182880.**

Toyota Kauptúni
S. 570 5070 • www.toyotakauptuni.is

# Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

**bill.is**

Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is



**PORSCHE** 911 turbo
**Verð: 3.900.000**
Árgerð: 2002 : Bensín
Ekinn: 111þ.km. : Sjálfskiptur.
Rnr.270596



**FIAT** Joint z 550 lágþekja
**Verð: 4.590.000**
Árgerð: 2007 : Dísel
Ekinn: 148þ.km. : Beinskiptur.
Rnr.270709



**COACHMEN** Clipper isport-108st.
**Verð: 1.190.000**
Árgerð: 2010 : Bensín
Ekinn: 1þ.km.
Rnr.250631



**HOBBY** 545 kmf delux new 2017 - 2 kojur
**Verð: 4.590.000**
Árgerð: 2017 : Rafmagn
Ekinn: 1þ.km.
Rnr.270779



**HOBBY** 560 ul prestige 2017 new model
**Verð: 4.490.000**
Árgerð: 2017 : Rafmagn
Ekinn: 1þ.km.
Rnr.270785



**HOBBY** 545 kmf delux new 2017 - 2 kojur
**Verð: 4.490.000**
Árgerð: 2017 : Rafmagn
Ekinn: 1þ.km. : 5 gíra
Rnr.270752



### Berglind Björg Þorvaldsdóttir

**Staða:** Framherji
**Félagslið:** Breiðablik
**Fædd:** 1992
**Landsleikir (mörk):** 27 (1)
**Treyjunúmer:** 20
Eyjakonan hefur átt í miklu basli með að skora fyrir landsliðið eins dugleg og hún er að raða inn í Pepsi-deildinni. Aðeins eitt mark í 27 leikjum og því miður nýtti hún ekki traustið þegar Harpa þurfti að taka sér frí. Öflugur leikmaður engu að síður sem getur pressað vel og skapað usla í vítateig mótherjanna en er líklega orðin þriðji kostur hjá Frey í framherjastöðuna á eftir Hörpu og Katrínu.



### Fanndís Friðriksdóttir

**Staða:** Framherji
**Félagslið:** Breiðablik
**Fædd:** 1990
**Landsleikir (mörk):** 84 (10)
**Treyjunúmer:** 23
Einn allra heitasti leikmaður íslenska liðsins um þessar mundir. Eftir tímabilið í Pepsi-deildinni verður gefinn út DVD-diskur með mörkum Fanndísar sem hafa flest öll verið stórkostleg. Annar leikmaður sem nálgast 100 leikja klúbbinn og fastur byrjunarliðsmaður íslenska liðsins. Kraftmikill og eldfljótur framherji sem getur skotið nánast úr hvaða stöðu sem er.



### Elín Metta Jensen

**Staða:** Framherji
**Félagslið:** Valur
**Fædd:** 1995
**Landsleikir (mörk):** 28 (5)
**Treyjunúmer:** 15
Kom eins og stormsveipur inn í landsliðið árið 2013 og tryggði sér EM-farseðil eftir frábæra frammistöðu í tveimur fyrstu landsleikjunum sínum. Er í hörku baráttu um byrjunarliðssæti fyrir fyrsta leik en hefur verið að byrja síðustu leiki. Skoraði annað markið í síðasta sigri íslenska liðsins gegn Slóvakíu í apríl.



### Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir

**Staða:** Varnarmaður/miðjumaður
**Félagslið:** Vålerenga í Noregi
**Fædd:** 1988
**Landsleikir (mörk):** 42 (5)
**Treyjunúmer:** 5
Garðbæingurinn er búinn að vera lengi að og á 42 landsleiki að baki þrátt fyrir að hafa aldrei fest sér sæti í byrjunarliðinu. Gunnhildur Yrsa hefur alltaf fagnað því að vera í hópnum og aldrei verið með vandræði yfir fáum mínútum. Vinnusemi hennar og elja skilaði henni stærra hlutverki í hópnum og nú er hún hugsuð sem fyrsti kostur í hægri vængbakvörðinn.



### Hallbera Guðný Gísladóttir

**Staða:** Varnarmaður
**Félagslið:** Djurgården í Svíþjóð
**Fædd:** 1986
**Landsleikir (mörk):** 84 (3)
**Treyjunúmer:** 11
Þegar Skagamærin leggur skóna á hilluna verður vinstri fóturinn á henni settur í brons. Betri fyrirgjafir finnast varla í Evrópufótboltanum í dag. Reynslumikill og góður leikmaður sem fór í atvinnumennsku fyrir síðustu leiktíð og kemur í miklu stuði til leiks sem er gott fyrir landsliðið.



### Hólmfríður Magnúsdóttir

**Staða:** Framherji
**Félagslið:** KR
**Fædd:** 1984
**Landsleikir (mörk):** 110 (37)
**Treyjunúmer:** 6
Önnur af tveimur leikmönnum hópsins í 100 leikja klúbbnum. Þessi gríðarlega reynslumikli framherji er í öðruvísi hlutverki en áður vegna meiðsla en hún er einnig hugsuð sem vængbakvörður. Hólmfríður var lykilmaður á síðustu tveimur Evrópumótum en verður meiri jóker núna sem getur komið inn og brotið upp leiki.



### Ingibjörg Sigurðardóttir

**Staða:** Varnarmaður
**Félagslið:** Breiðablik
**Fædd:** 1997
**Landsleikir (mörk):** 2 (0)
**Treyjunúmer:** 3
Blikinn kom eins og þjófur að nóttu og stal hreinlega EM-sæti á lokasprettinum. Hún hefur staðið sig frábærlega í Pepsi-deildinni undanfarin ár og fékk svo tækifæri í síðustu tveimur landsleikjunum áður en hópurinn var valinn. Þar heillaði hún Frey svo mikið að henni var afhentur farseðill til Hollands. Talandi um að nýta tækifæri sitt til fullnustu. Varnarmaður sem staðsetur sig vel og er óhrædd við að rífa kjaft og vera til ama. Öll lið þurfa þannig spilara.



### Katrín Ásbjörnsdóttir

**Staða:** Framherji
**Félagslið:** Stjarnan
**Fædd:** 1992
**Landsleikir (mörk):** 13 (1)
**Treyjunúmer:** 9
Einn besti leikmaður Pepsi-deildarinnar í sumar með tíu mörk í ellefu leikjum. Katrín er afskaplega góður leikmaður sem er sterkur á boltann og gefur Frey öðruvísi vídd í sóknarleikinn en með Hörpu Þorsteinsdóttur. Katrín hefur alltaf verið markaskorari og íslenska liðið þarf á mörkum að halda.



### Málfríður Erna Sigurðardóttir

**Staða:** Varnarmaður
**Félagslið:** Valur
**Fædd:** 1984
**Landsleikir (mörk):** 33 (2)
**Treyjunúmer:** 14
Reynslubolti sem raðaði inn Íslandsmeistaratitlunum með Val hér á árum áður. Ekki þarf að hafa miklar áhyggjur af Málfríði ef hún þarf að koma inn og leysa einhverja stöðu. Leikmaður sem klárar sitt og gerir það vel.



### Rakel Hönnudóttir

**Staða:** Varnarmaður
**Félagslið:** Breiðablik
**Fædd:** 1988
**Landsleikir (mörk):** 83 (5)
**Treyjunúmer:** 22
Fyrirliði Breiðabliks er fjölhæfur leikmaður sem hefur lengi verið í landsliðinu og spilað nokkrar stöður. Hún er núna meira og minna hægri vængbakvörður en getur líka spilað á miðju og jafnvel frammi. Líkamlega sterkur leikmaður sem er mjög vel spilandi og mikill leiðtogi á velli. Rakel á eftir að sinna góðu starfi á EM er hún nálgast óðfluga 100 leikja klúbbinn.



### Sandra María Jessen

**Staða:** Framherji
**Félagslið:** Þór/KA
**Fædd:** 1995
**Landsleikir (mörk):** 18 (6)
**Treyjunúmer:** 18
Stolt Norðurlands í kvennalandsliðinu meiddist illa á Algarve en náði hreint ótrúlegum bata og hefur verið á fullu með Þór/KA á toppnum í Pepsi-deildinni. Gríðarlega hæfileikaríkur leikmaður sem er líka mikið hörkutól og skilar mörkum. Mark í þriðja hverjum leik fyrir vængmann er ekki slæmt.



### Sandra Sigurðardóttir

**Staða:** Markvörður
**Félagslið:** Valur
**Fædd:** 1986
**Landsleikir (mörk):** 16 (0)
**Treyjunúmer:** 12
Hefur lengi verið í hópnum en á fáa leiki að baki þar sem markvarðamálin hafa verið í fínu lagi lengi með Þóru og nú Guðbjörgu. Fínn varamarkvörður sem má treysta á stóra sviðinu.



### Sif Atladóttir

**Staða:** Varnarmaður
**Félagslið:** Kristianstad
**Fædd:** 1985
**Landsleikir (mörk):** 63 (0)
**Treyjunúmer:** 2
Miðvörðurinn öflugi missti sæti sitt í byrjunarliðinu þegar hún tók sé frí vegna barnsburðar því Anna Björk Kristjánsdóttir nýtti tækifærið sitt vel. Sif sýndi einbeittan brotavilja í því að hirða sætið sitt aftur og gerði það. Nú reyndar spilar liðið með þrjá miðverði þannig að Sif stendur í hjarta varnarinnar sem eru góð tíðindi. Fljótur og sterkur varnarmaður með mikla leiðtogahæfileika af miklu knattspyrnukyni.



### Sigríður Lára Garðarsdóttir

**Staða:** Miðjumaður
**Félagslið:** ÍBV
**Fædd:** 1994
**Landsleikir (mörk):** 8 (0)
**Treyjunúmer:** 8
Eyjakonan hefur tekið sinn leik upp á næsta þrep á síðustu mánuðum fyrir lið og land og verðskuldar þetta EM-sæti. Hörð í horn að taka og fer varla í gegnum leik án þess að fá gult spjald fyrir eina tæklingu sem lætur mótherjana fá martraðir. Sísí fríkar svo sannarlega út við og við.



### Sonný Lára Þráinsdóttir

**Staða:** Markvörður
**Félagslið:** Breiðablik
**Fædd:** 1986
**Landsleikir (mörk):** 3 (0)
**Treyjunúmer:** 13
Verið virkilega öflug í Pepsi-deildinni undanfarin ár og unnið sér sæti í landsliðinu þótt hlutverk hennar í leikjum sé ekki stórt eins og hjá flestum þriðju markvörðum.

# SÖLUSÝNING

## Raðhús og íbúðir í vinsælu og fjölskylduvænu hverfi í Garðabæ



## Byggakur 19 opið hús sunnudaginn 9. júli frá 14 -16

Til sýnis verða raðhús í byggingu við Byggakur og Breiðakur. Teikningar af  3 og 4 herbergja íbúðum verða kynntar. Glæsileg vel skipulögð raðhús og íbúðir í fjölskylduvænu hverfi teiknuð af Sigurði Hallgrímssyni arkitekt.

Allar nánari upplýsingar  á staðnum. Verið velkomin

MÁNALIND
BYGGINGAFÉLAG

www.manalind.is  manalind@manalind.is   sími 511 1020











## LAMBHAGAVEGUR 9 – IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Valhöll fasteignasala og Heiðar Friðjónsson lögg. fast. kynna: Lambhagavegur 9, þar er í byggingu á 2900 fm iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum. Hvor hæð skiptist í sjö bil og eru innkeyrsluhurðir í öllum bilum, samtals 14 hurðir því aðkoma er að báðum hæðum.

Staðsetningin er góð og hefur mikið auglýsingargildi og er staðsett rétt við Bauhaus. Húsið verður staðsteypt og klætt að utan, möguleiki er að kaupa eða leigja húsið í heilu lagi eða hvora hæð fyrir sig.

**Afhending verður næsta vor.**

***Allar upplýsingar um húsið veitir Heiðar Friðjónsson lögg.fast í s. 693-3356 eða á heidar@valholl.is***





*Heiðar Friðjónsson 693 3356*

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

**Valhöll fasteignasala**
**Síðumúla 27**
**Sími: 588-4477**



✝

Ástkær móðursystir okkar,

**Málfríður Árnadóttir**

frá Ísafirði, síðast til heimilis að Kleppsvegi 118,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli í Reykjavík þriðjudaginn 4. júlí. Útför hennar fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 11. júlí kl. 15.00.

**Fyrir hönd vandamanna, börn Þórunnar, Mörthu og Arndísar Árnadætra.**

✝

**Hanna Þyri Helgadóttir**

áður Sóltúni 13, Reykjavík,

er látin. Útför hennar hefur farið fram.

**Jón Sigurðsson** **Ingveldur Sveinbjörnsdóttir**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararstofa kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



„Það er vinsælt hjá okkur að segja: Gerðu þetta í leiðinni,“ segir Hilda Jana. MYND/GUÐRÚN HRÖNN

# Byggðir landsins ólíkar

**Landsbyggðir nefnist nýtt tímarit. Það er fyrsta blað sem dreift er frítt á öll heimili utan höfuðborgarsvæðisins. Hilda Jana Gísladóttir er framkvæmdastjóri útgáfunnar.**

Ég stunda almennt kæruleysi,“ segir Hilda Jana Gísladóttir, framkvæmda- og sjónvarpsstjóri á N4, hlæjandi þegar ég hneykslast á því að hún sé í sumarfríi þó nýtt blað, Landsbyggðir, sé nýrunnið af stokkunum. „Við erum svo mörg á N4 og Herdís Helgadóttir er ritstjóri blaðsins,“ útskýrir hún þar sem hún er skokkandi á milli fótboltavalla á Akureyri að fylgjast með tilþrifum eiginmanns og dóttur. Fæst þó til að segja mér lítillega frá markmiðum útgáfunnar enda vinni þær Herdís náið saman.

Fyrst er það nafnið, Landsbyggðir. Er það ekki nýyrði? „Jú, hann Þóroddur Bjarnason, sem var formaður Byggðastofnunar, byrjaði að tala um landsbyggðir í fleirtölu. Það stakk mig svolítið fyrst. Svo fór ég á fyrirlestur hjá honum þar sem hann fjallaði um mikilvægi þess að tvískipta ekki landinu með því að tala annars vegar um höfuðborgarsvæðið og hins vegar landsbyggð í eintölu. Því öfugt við höfuðborgarsvæðið væru byggðir landsins dreifðar og ólíkar í eðli sínu og með mismunandi þarfir, styrkleika og tækifæri. Til að undirstrika áherslu á að þær væru ekki eitt svæði ætti að tala um þær í fleirtölu. Ég heillaðist af því.

> **Það sem við viljum gera snýst um að auka skilning og samstöðu milli svæða um leið og við drögum fram sérkenni hvers fyrir sig.**

Við á N4 ræddum þetta í aðdraganda útgáfu blaðsins því það sem við viljum gera snýst um að auka skilning og samstöðu milli svæða um leið og við drögum fram sérkenni hvers fyrir sig. Því varð nafnið Landsbyggðir ofan á.“

Hilda Jana segir blaðið valkost fyrir auglýsendur sem vilji snerta við öllum landsbyggðunum enda sé ekkert annað rit borið inn á öll heimili utan höfuðborgarsvæðisins. Er sú dreifing ekki svakalega dýr eða fengu þau á N4 alveg sérstakan díl hjá póstinum? „Nei, bara hefðbundinn díl. Blaðinu er dreift á þriðjudögum og miðvikudögum og það kemur út hálfsmánaðarlega til að byrja með. En þar með er ekki sagt að þannig verði það að eilífu. Við ákváðum að gefa út fjögur blöð, setjast svo niður og meta stöðuna.“

Svo er það efnið. „Sumar greinarnar tengjast viðtölunum sem við tökum fyrir sjónvarp N4, aðrar eru skrifaðar sérstaklega fyrir blaðið,“ segir Hilda Jana. „Þegar við förum í sjónvarpsviðtöl tökum við ljósmyndir í leiðinni. Það er vinsælt hjá okkur að segja: Gerðu þetta í leiðinni.“

**gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðbrandur Orri Vigfússon**

Grænuhlíð 11, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum háskólasjúkrahúsi laugardaginn 1. júlí. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 10. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélagið.

**Unnur Kristinsdóttir**
**Vigfús Orrason** **Guðrún Ósk Óskarsdóttir**
**Hulda Orradóttir**
**Unnur Álfrún Huldudóttir**
**Margrét Álfdís Huldudóttir**
**Álfhildur Iða Huldudóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Hallgrímur Bogason**

Heiðarhrauni 28, Grindavík,

lést á Landspítala við Hringbraut, 2. júlí. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju mánudaginn 10. júlí klukkan 14.

**Þórhildur Rut Einarsdóttir**
**Bogi G. Hallgrímsson**
**Óskar Einar Hallgrímsson** **Elísa Ýr Sverrisdóttir**
**Bogi Guðbrandur Hallgrímsson** **Bryndís Rán Birgisdóttir**
**Reynir Daði Hallgrímsson** **Sigrún Lilja Guðjónsdóttir**
**Helga Rut Hallgrímsdóttir**
**Harpa Rakel Hallgrímsdóttir** **Alfreð Behrend**
**afabörn og systkini.**

# Þær íslensku slógu öll met

**Íslendingar rokkuðu feitt á ráðstefnu alþjóðasamtaka uppfinninga- og frumkvöðlakvenna. Af 15 verðlaunum sem veitt voru fékk Ísland fimm, þar á meðal aðalverðlaunin.**

Íslensku konurnar slógu öll met. Af samtals 40 konum sem tilnefndar voru til verðlauna frá ýmsum löndum voru sex íslenskar og fimm þeirra hlutu verðlaun, þar af ein aðalverðlaunin. Ef miðað væri við hina frægu höfðatölu þjóða hefðu Bretar átt að tilnefna 1.000 konur og Ítalir annað eins.“ Þetta segir Elinóra Inga Sigurðardóttir, formaður Kvenn, sem er Íslandsdeild alþjóðasamtaka uppfinninga og frumkvöðlakvenna (Global Women Inventors and innovators Network; skammstafað GWIIN). Hún er nýkomin af ráðstefnu og verðlaunaveitingu samtakanna í Bari á Ítalíu. „Bari er yndislegur strandbær út við Adríahafið, skammt frá Róm, þar voru konur frá ýmsum löndum og má nefna Bretland, Ítalíu, Taíland, Malasíu og Finnland og var mjög gaman. Verðlaun voru veitt í mismunandi flokkum nýsköpunar, frá hönnun upp í flóknar vísindalegar stúdíur.“

Mestan ljóma segir Elinóra stafa af aðalverðlaununum sem Sandra Mjöll Jónsdóttir fékk fyrir nýsköpun sína sem snýst um að nota blóðvökva til að rækta stofnfrumur í. „Blóðvökvann fær Sandra Mjöll hjá Blóðbankanum en hingað til hefur honum verið hent. Stofnfrumumeðferðum í lækningaskyni fer fjölgandi í heiminum og hingað til hefur verið notaður dýravökvi til að rækta frumurnar í. Sandra Mjöll ver doktorsritgerð sína um verkefnið í september og ég spái því að hún eigi eftir að verða heimsfræg.“

Elinóra lýsir öllum verkefnum verðlaunahafanna stolt. Byrjar á Biodome Reykjavík sem Hjördís Sigurðardóttir skipulagsfræðingur stendur fyrir. „Hjördís er búin að fá lóð inni í Elliðaárdal, þar ætlar hún að reisa byggingu með hvolfþaki fyrir ræktun og ráðstefnur. Margrét Júlíana Sigurðardóttir tónlistarkona er höfundur músíkmúsarinnar Maximúsar, nú hefur hún þróað tölvuleik sem hjálpar fólki að læra nótur á skemmtilegan hátt. Listakonan Sigrún Lára Shanko fékk verðlaun fyrir hönnun sína á gólf- og veggteppum sem hún vinnur í þrívídd með flosnál að vopni og bæta hljóðvist húsa. Þorbjörg Jensdóttir, doktor í næringarvísindum, stendur á bak við Hap+ töflurnar sem auka munnvatnsframleiðslu 20-falt, án þess að eyða glerungi tanna og Hildur Magnúsdóttir þurrkar og malar lambalifur og setur í belgi. Þar er ný afurð komin á markað.“

Íslandsdeildin Kvenn verður tíu ára þann 11. þessa mánaðar. Elinóra stóð fyrir stofnun hennar og kveðst hingað til hafa tilnefnt 59 íslenskar konur til viðurkenninga. „En okkur hefur aldrei gengið eins vel og núna. Það var yndislegt að upplifa það.“ gun@frettabladid.is



„Okkur hefur aldrei gengið eins vel og núna. Það var yndislegt að upplifa það,“ segir Elinóra. FRÉTTABLAÐIÐ EYÞÓR ÁRNASON

### Vefsíður íslensku verðlaunahafanna

- **Sandra Mjöll** www.platome.com
- **Hjördís** www.sporisandinn.is
- **Margrét Júlíana** www.mussila.com
- **Sigrún Lára** www.shankorugs.com
- **Þorbjörg** www.happlus.com
- **Hildur** www.purenatura.is

> Sandra Mjöll ver doktorsritgerð sína um verkefnið í september og ég spái því að hún eigi eftir að verða heimsfræg.



Sandra Mjöll fékk aðalverðlaun GWIIN.

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Þorkelsdóttir**
Álfhólsvegi 54, Kópavogi,

lést á heimili sínu sunnudaginn 18. júní 2017. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til Heimahlynningar LSH svo og krabbameins- og kvennadeildar LSH.

**Karl G. Karlsson**
**Elínborg Chris Argabrite**
**Hafdís Inga Karlsdóttir** **Þorvaldur Jónasson**
**Karl Dúi Karlsson** **Þórunn Sævarsdóttir**
**Margrét Karlsdóttir** **Sigurður Hannesson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Gisela Fr. E. Steffen**
húsmóðir og fatahönnuður,
Hamraborg 16, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 28. júní. Hún verður jarðsungin frá Borgarneskirkju þriðjudaginn 11. júlí klukkan 14.

**Ingimundur Einarsson**
**Stefán Einarsson** **Arna Ævarsdóttir**
**Tómas Einarsson** **Hanna Júlía Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Steinunnar Ragnheiðar Árnadóttur**
Ránargötu 25, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Grenihlíðar á dvalarheimilinu Hlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

**Jóhanna Maríanna Antonsdóttir**
**Ingibjörg Antonsdóttir** **Þórarinn Arinbjarnarson**
**Ragnheiður Antonsdóttir**
**Árni Freyr Antonsson** **Dóra Margrét Ólafsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru, yndislegu

**Stefaníu Bergmann**
Hrafnistu, Reykjanesbæ, áður Skólavegi 14, Keflavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu Reykjanesbæ, fyrir hlýhug og góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Hulda Matthíasdóttir** **Magnús Björgvinsson**
**Stefán B. Matthíasson** **Ingunn Ingimundardóttir**
**Ingólfur H. Matthíasson** **Sóley Birgisdóttir**
**Magnús B. Matthíasson** **Mekkín Bjarnadóttir**
**Guðlaug B. Matthíasdóttir** **Birgir Þór Runólfsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**María Einarsdóttir**
frá Lambhól,
Reynihvammi 1, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 29. júní. Útförin fer fram frá Digraneskirkju, þriðjudaginn 11. júlí kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Styrktar- og minningarsjóð Tónstofu Valgerðar, kt. 501100-3580, rnr. 515-14-405790.

**Einar Ólafsson** **Anna Sigmundsdóttir**
**Viðar Ólafsson** **Rannveig Tómasdóttir**
**Ólafía Jóna Ólafsdóttir** **Þór Ingvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haukur K. Gunnarsson**
Sólarsölum 7,

lést að kveldi sunnudagsins 2. júlí á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hans fer fram í kyrrþey.

**Gréta Óskarsdóttir**
**Helga G. Hauksdóttir** **Þorsteinn Guðbjörnsson**
**Margrét Hauksdóttir** **Hilmar Kristinsson**
**Kristbjörn Hauksson**
**Grétar, Björg, Hildur Ýr, Íris Björk og langafadætur.**

---



†

Elskulegi faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórir G. Ísfeld**
frá Neskaupstað,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þann 25. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýju. Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar fyrir góða umönnun og vinarhug.

**Ásgerður Ísfeld og fjölskylda.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ósk Ólafsdóttir**
andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi, þann 3. júlí. Útförin fer fram í kyrrþey.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð St. Franciskusspítala, sjá heimasíðu: www.hve.is.

**Hildur Hallkelsdóttir** **Guðmundur Smári Valsson**
**Þ. Heidi Johannsen** **Sigþór Kr. Skúlason**
**Hrönn Johannsen** **Gunnar Andrésson**
**Guðbjörg Ásmundsdóttir** **Birgir Andrésson**
**og barnabörn.**

---



†

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og vinur,

**Jón Torfason Ágústsson**
(Gusturinn)
bílstjóri,
Lækjarbrún 5, Hveragerði,

lést á gjörgæslu LSH 5. júlí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 13. júlí klukkan 13.

**Ágúst J. Jónsson** **Laufey K. Berndsen**
**Bára Jónsdóttir** **Gunnar R. Hafsteinsson**
**María Jónsdóttir**
**Marta Jónsdóttir** **Ragnar Magnússon**
**Dóróthea Jónsdóttir** **Helgi H. Schiöth**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**systkini**
**Guðlaug Bjarnadóttir, börn og barnabörn**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

## LÁRÉTT

**1** Salat hins sæta fer vel í molakari (9)
**11** Hóll Arnarburs er víst í Ölfusi (12)
**12** Yfirburðaurta fórnar sér og öðrum (9)
**13** Þessir karlar fara út á gang að leita betri leiða (12)
**14** Ætli ég oti Ægi að þeim fróða Kölskak-napa? (7)
**15** Mara í hálfu kafi með hosuna upp á miðjan kálfa (11)
**16** Leiðsla fyrir spjátrungana og æðarnar (9)
**18** Stutt kynda bletti utan gosbelta (12)
**22** KR sparar laun klárrar konu í upp-námi (8)
**23** Titill borgarstjóra krefst sólarhrings sem tileinkaður er honum (8)
**24** Þessi sægur, vaðan og þakan (10)
**29** Stofnar fold flatar (11)
**30** Bæti geð hinna stífu og stirfnu (10)
**31** Gleyma ekki Stipe og félögum þrátt fyrir stækjuna (7)
**34** Hræið af Stilton toppar gervi-Goud-ann (8)
**35** Meinar mér að aflaga handsmokkinn (6)
**38** Sannfæring þolir ekki brot; það eru svik (6)
**39** Kumlaoddi er við Eyjafjörð (8)
**40** Hélt á sjó þótt borð brygðust (6)
**41** Feykja hugmyndum í huga mér (8)
**42** Egg ána ruglar freka (6)
**43** Svaka svöl dvelja þau við knöttinn (6)
**44** Trauðla færi sá duli akandi (8)

## LÓÐRÉTT

**1** Vélar gríns eru hlægileg afskræming (11)
**2** Finn hrafnsugga og hnakkakúlur (11)
**3** Viltu velling með vatnslitlum vínberjum? (11)
**4** Gamlist bréf má nota þennan til að afrita textann (11)
**5** Legg maðkaskottin fyrir möttuldýrin smáu (11)
**6** Tröllaukin staða stefnir öllu í voða (8)
**7** Ver verjuna með verjunni (14)
**8** Blíða blíðra og betur megandi (8)
**9** Landnámskona í lautu bjó (6)
**10** Lófinn setur kjánana út af sporinu (6)
**17** Hlýja himbrima með einangruðu íláti (9)
**19** Set sorgarár í samhengi við afköst (13)
**20** Sá er sífellt nauðar hemur liðið öðrum verr (8)
**21** Finnur hinn ofurgóði vötn vitfirringar? (8)
**25** Bandamaður lands flaggar þjóðerni sínu (10)
**26** Inn með reglur um endalausa seríu og sjampóið (10)
**27** Leita fjölfarinnar og yfirkeyrðrar leiðar? (10)
**28** Óhreinindi andans véla mig til vilpunnar (10)
**32** Blíð fá blíðan bana (7)
**33** Held ég steiki rana með því sem liggur milli brodds og ennis (7)
**36** Fjórtánfætla fláði Ægi (6)
**37** Mun takast að sinna þörfum hinna dauðu (6)





**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem ætlað er að tryggja áhyggjulaust ævikvöld (14).

Lausnarorð síðustu viku var
**J Ö K U L S Á R G L J Ú F U R**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 3 | 1 | 9 | | 2 | 4 | |
| | | 7 | 2 | | | | | 9 |
| | | 4 | 5 | | | | 1 | |
| | | | | 1 | | | | 4 |
| | 6 | | | | | | 9 | |
| 7 | 9 | 2 | | 3 | | | 6 | |
| 1 | | 6 | | 5 | | | | 8 |
| 2 | 4 | | | 8 | 7 | 6 | | |
| | 8 | | | | | 9 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 1 | | | 6 | 7 | 4 |
| | | | | 6 | | 5 | 8 | |
| 3 | | | | | | 9 | 2 | |
| | | | 7 | | 4 | 8 | 6 | |
| 2 | | | | 9 | | | | |
| | | | 2 | 8 | | | | 5 |
| | | 1 | | | | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| 6 | | 2 | 9 | 3 | 7 | | 4 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | | 3 | 5 | 9 | | | | |
| | | 4 | | 6 | | | | |
| 7 | | | | | | | | 5 |
| | | | 6 | 5 | | 7 | 9 | |
| | 5 | | 3 | | | 1 | 2 | |
| 6 | | 1 | | | | 2 | 4 | |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| | | | 9 | 8 | | | 6 | |



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Gestir utan úr geimnum** eftir **Ævar vísindamann** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Matthías Loftsson, Kópavogi.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 2 | 5 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 3 | 4 | 8 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 2 | 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 | 5 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 2 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson

Liu átti leik gegn Spielman í Kína árið 1981.
**Svartur á leik**
**1. ... He2! 2. Dxe2 Bxg5+ 3. Re3 Db2+ 4. Kd2 Dxh1 0-1.** Í dag fer fram hápunktur skákhátíðarinnar á Ströndum þegar minningarmót Jóhönnu Kristjónsdóttur fer fram.
**www.skak.is:** Alltaf nýjar skákfréttir.



## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## Erfið alslemma

Mörg fjörug spil litu dagsins ljós á Ungmennafélagsmótinu fyrir 50 ára og eldri. Eitt þeirra var þetta spil (úr fjórðu umferð mótsins) þar sem allir slagirnir eru í boði fyrir NS, reyndar miklu fleiri en 13 slagir. Ætla mætti að það væri frekar auðvelt að segja sig í alslemmu í hjartanu en það reyndist hins vegum mörgum pörum erfitt. Austur var gjafari og allir á hættu:

Spilið var spilað á 22 borðum. Níu pör spiluðu alslemmu í hjarta. Tíu pör spiluðu hálfslemmu í hjarta og tvö pör spiluðu 6♠. Þrjú pör létu geim nægja. Sveitin sem vann sigur á mótinu (HSS Reykhólar) græddi vel á spilinu. Sveit HSS Reykhóla spilaði alslemmu í hjarta (Anna Ívarsdóttir og Þorlákur Jónsson) eftir veika tveggja hjarta opnun Þorláks í suður, en andstæðingar þeirra létu hálfslemmu duga. Sveitin sem endaði í öðru sætinu (SFG) græddi ekkert á spilinu. Bæði NS pörin í leik liðins við sveit HSS spiluðu alslemmuna í hjarta. Þó að það virki ekki verðskuldað fékkst dágóður plús fyrir NS í butler-útreikningi mótsins fyrir að ná alslemmunni í hjarta, 181 stig.

**Norður**
♠ ÁKDG852
♥ Á1098
♦ Á3
♣ -

**Vestur**
♠ 96
♥ G3
♦ DG
♣ ÁKD8652

**Austur**
♠ 10743
♥ 4
♦ 9862
♣ G973

**Suður**
♠ -
♥ KD7652
♦ K10754
♣ 104



VIÐ ERUM 5 ÁRA
FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ Í JÚLÍ
MARS / SNICKERS
9 STK. Í PAKKA
249 KR. PK.
BEN & JERRY´S
ALLAR TEG.
499 KR. PK.
500ml
POWERADE
ALLAR TEG.
149 KR. PK.
OREO / DAIM ÍS
3. STK. Í PAKKA
199 KR. PK.
FJALLALAMB
FROSIÐ LAMBALÆRI
999 KR.KG
ICELAND PIZZUR
DEEP PAN OG THIN & CRISPY
199 KR. STK.
GATORADE
ALLAR TEG.
149 KR. STK.
MARS/SNICKERS ÍS
4. STK. Í PAKKA
349 KR. PK.
MONSTER
ALLAR TEG.
199 KR. STK.
ICELAND
MEAL FOR ONE
ALLAR TEG.
299 KR.PK
50%
AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR
ALLAN JÚLÍ
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI,
ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ.
Iceland
*Tilboðin gilda í öllum verslunum Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

# KRAKKAR



Jón Sverrir ætlar að safna fé fyrir félagið Einstök börn í Reykjavíkurmaraþoninu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Get alltaf leitað í hlaupin

Jón Sverrir Árnason er að reima á sig hlaupaskóna og í þann veginn að taka á sprett. Hann æfir fyrir Reykjavíkurmaraþonið og ætlar að leggja þar 10 kílómetra að baki. Hann er nýorðinn 13 ára, á afmæli 28. júní. **En af hverju ætlar hann að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu?** Af því að mér finnst gaman að hlaupa og langaði að þakka félaginu Einstökum börnum fyrir allt sem það hefur gert fyrir mig, bróður minn og mömmu og pabba.

**Hefur þú tekið þátt áður?** Já, nokkrum sinnum og það hefur alltaf verið jafn gaman. Ég safnaði 363.000 í fyrra fyrir félagið Einstök börn og núna langar mig að ná 750.000.

**Af hverju styrkir þú Einstök börn?** Ég og bróðir minn erum með mjög sjaldgæfan, genatengdan og meðfæddan ónæmisgalla sem heitir CVID og ég er líka með mjög sjaldgæfan húðsjúkdóm sem heitir EAC.

**En ert hlaupagikkur samt!** Já, mér finnst svakalega gaman að hlaupa og get alltaf leitað í hlaupin þó ég sé búinn að vera lasinn.

**Setur þú þér ákveðin markmið í maraþoninu?** Ég vil komast í mark á innan við klukkustund.

**Ætlar þú að hlusta á tónlist á leiðinni?** Já, mér finnst það hjálpa mér að halda einbeitingu.

**Hvernig tónlist er í uppáhaldi hjá þér?** Bara alls konar, ég hlusta á flest.

**Hvað gerir þú helst í frístundum, annað en hlaupa?** Spila körfubolta eða hjóla með vinum mínum, svo æfi ég badminton.

**Ætlar þú að flakka eitthvað í sumar?** Ég verð nánast hverja helgi á Flúðum í sumar í útilegu. Pabbi minn og konan hans, Gerður, eru með hjólhýsi þar og amma mín og afi líka.

## Konráð og félagar á ferð og flugi 257

Nú var illt í efni, þau voru rammvillt uppi á reginfjöllum. „Hvar skyldum við nú vera?“ sagði Konráð hugsi. „Við erum á leiðinni á Langanes og fórum norðurleiðina og núna eru bara endalaust há fjöll allt um kring og ég veit ekkert hvar við erum.“ Jafnvel fjallabúinn Róbert þagði. „Róbert,“ sagði Kata lymskulega, en Róbert svaraði engu. „Við erum með kort, skoðum það,“ sagði Lísaloppa. „Sko,“ bætti hún við, „samkvæmt kortinu virðist þetta vera heljarmikill skagi með háum fjöllum.“






SVAR: A

## Lestrarhestur vikunnar

### Snædís Anna Heimisdóttir



**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Að lesa þær!

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Ég las Lára fer í flugvél eftir Birgittu Haukdal, hún er um stelpu sem heitir Lára og fer til útlanda með flugvél. Ég las hana vegna þess að ég er sjálf að fara í flugvél eftir nokkra daga.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Já, bækurnar um Snuðru og Tuðru og svo líka Lárubækurnar.

**Hvernig bækur finnst þér skemmtilegastar?** Mér finnst skemmtilegast að lesa ævintýrabækur.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Ég er að fara að byrja í 4. bekk í Norðlingaskóla í haust.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já, mjög oft.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Mér finnst skemmtilegt að leika við vinkonur mínar með bangsa og skauta á línuskautum. Svo er líka skemmtilegt að borða nammi!

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Á bókasafninu skrifa þau nafn á áhugaverðri bók sem þau hafa lesið á bókarkjöl ásamt nafni, aldri og símanúmeri. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.

## Leikurinn



### Gulrótabóndinn

Þetta er hópleikur og einn þátttakandinn er bóndi sem ætlar að fara að taka upp gulræturnar sínar. Hinir þátttakendurnir liggja allir á jörðinni og haldast í hendur eða krækja saman höndum.

Þegar bóndinn nær að losa einhvern frá hringnum þannig að hann haldi ekki í neinn lengur þá breytist sá í gulrótabónda líka og fer að hjálpa til við uppskeruna. Það skal þó tekið fram að ekki má meiða neinn í þessum átökum, enda þurfa gulræturnar allar að vera heilar og fínar.

Sá sem losnar síðastur byrjar sem næsti gulrótabóndi.

ego dekor

# TILBOÐ Á VÖLDUM HÚSGÖGNUM



JERSEY HORNSÓFI
Stærð: 288X190cm
~~Verð: 245.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 220.500,-
HÖFUÐPÚÐI
TILBOÐSVERÐ: 11.610,-



MADISON TUNGUSÓFI
Stærð: 281X172cm
~~Verð: 209.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 177.650,-



LOUNGE STÓLL
~~Verð: 36.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 28.800,-



SEAL TUNGUSÓFI
Stærð: 276X175cm
~~Verð: 229.000,-~~
TILBOÐSVERÐ. 206.100,-

HÆGINDASTÓLL í leðri
Stillanlegur m/rafmagni
~~Verð: 148.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 118.400,-





LEÐURSÓFI – stillanlegur m/rafmagni
Breidd: 207cm
~~Verð: 285.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 228.000,-

ALEXA SKENKUR
Breidd: 160cm
~~Verð: 138.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 96.600,-





KERTAARINN
Deco home sweet home
Breidd: 110cm
~~Verð: 59.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 47.920,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
**www.egodekor.is**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Fremur hæg norðanátt í dag, en vestlæg átt sunnanlands. Yfirleitt bjart á suðvestanverðu landinu, en sums staðar skúrir austan til, einkum seinnipartinn. Hiti 8 til 17 stig yfir daginn, hlýjast sunnanlands.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 18° | Oslo 20° | Stokkhólmur 15° | Gautaborg 16° | Helsinki 18° | Þórshöfn 10° | Nuuk 6° |
| London 22° | Amsterdam 22° | París 29° | Berlín 23° | Madríd 23° | Brussel 25° | Róm 35° |
| Boston 21° | New York 22° | Orlando 26° | Moskva 12° | Singapúr 27° | Tókýó 24° | Sydney 9° |









### Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↘6 | 11° ↘4 | 13° ↖7 | 12° ↖9 | 12° ↘7 |

### Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° →5 | 8° ↙3 | 11° ↓2 | 9° ↖6 | 13° ↓4 |

### Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
